

Leikskólinn Vinaminni

Starfsáætlun skólaárið 2021 – 2022



Framtíðarsýn Leikskólans Vinaminnis:

Börn eru hornsteinar þjóðfélagsins.

Í leikskólanum er grunnur lagður að menntun og reynslu ungra barna.

Allt það góða nám sem börnin öðlast í leikskólanum hafa þau með sér út í lífið og nýta sér það á næstu skólastigum.

Með því að byggja menntun á traustum grunni geta börnin gert það sem hugur þeirra, langanir og þrár leitast eftir og þannig skilað til þjóðfélagsins metnaðarfullum einstaklingum sem eru tilbúnir til að takast á við krefjandi viðfangsefni í þágu lands og þjóðar.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1. Greinargerð leikskólastjóra	3
2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021	5
3. Innra mat deilda	16
4. Innra mat sérkennslu.....	29
5. Innra mat – fjöltýngd börn	30
6. Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	33
7. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	33
8. Foreldrasamvinna.....	33
9. Skipulagsdagar og leikskóladagatal	34
10. Fylgigögn.....	35
10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	35
10.2 Fylgiskjal - Frá deildarstjórum	38
10.3 Fylgiskjal - niðurstöður úr foreldrakönnun	46
10.4 Fylgiskjal - Skóladagatal skólaárið 2021 - 2022.....	50

Leikurinn á vísdóm veit

1. Greinargerð leikskólastjóra

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 er hverjum leikskóla skyld að starfa samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið og áherslur sem þar eru sett fram. Námskrá leikskólans Vinaminnis mótað af þeim áherslum sem lagðar eru í Aðalnámskrá leikskóla, af stefnu leikskólans og af þeim aðstæðum sem hann býr við. Hér er átt við ytri aðstæður og umhverfi skólans, þann faglega og persónulega bakgrunn sem mótar viðhorf leikskólkennaranna og starf. Skólanámskrá er endurgerð á 3ja til 5 ára fresti.

Í aðalnámskrá leikskóla menntamálaráðuneytisins segir að leikskóli sé fyrsta skólastigið og að hagur barna og velferð þeirra skuli höfð að leiðarljósi. Starfshættir og skipulag mótað af umhyggju, virðingu og lýðræðislegu samstarfi allra hagsmunaaðila. Auk þess segir að grunnþættir menntunar séu: Læsi sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Í Vinaminni eru þessir þættir hafðir að leiðarljósi í öllu starfi skólans.

Starfsáætlun er gefin út 30. júní ár hvert þar sem fram kemur endurmat á starfinu síðastliðið skólaár og umbótaáætlun á leikskólastarfinu fyrir skólaárið 2021-2022

Skólaárið 2020-2021 hófst með Covid 19 á hliðarlínunni. Aðlögun barna í skólann var að ljúka þegar þriðja bylgja Covid 19 hófst. Ekki þarf að orð lengja það en skipulag skólans af fyrri bylgju var til staðar og þar sem það hafði reynst vel var lítið mál að setja það af stað aftur. Skipulag skólans var því tekið upp aftur með sama hætti og áður í Covid 19 bylgju. Foreldrar fengu upplýsingar um hvernig málunum yrði háttar og allir settu sig í gírinn. Má þar nefna að tekið var á móti börnunum í upphafi skóladags við útidyr og þeim skilað þar að degi loknum til foreldra. Enginn umgangur var milli deilda. Tvær kaffistofur opnaðar fyrir starfsfólk í sitt hvorum hluta skólans og sóttvarnir í samræmi við tilmæli Almannavarna. Garðinum var skipt milli deilda þannig að hver deild átti ákveðinn tíma í útiveru í garðinum en allar deildir nýttu einnig vettvangsferðir og útikennslu eins og þeim hentaði. Foreldrar sjá um að koma daglega með vatnsbrúsa barnanna með hreinu vatni í fyrir daginn.

Þrátt fyrir Covid 19 bylgjur sem einkenndu skólaárið gekk starfið með börnunum vel og börnin nutu sín í skólastarfinu. Málörvun er í hávegum höfð í skólanum. Tveir leikskólkennarar sem eru í 50% starfi hafa verið með málörvun fyrir þau börn sem standa höllum fæti í málþroska en hafa ekki fengið stuðningstíma. Það er stefna Vinaminnis að vera með snemmtæka íhlutun í málþroska þeirra barna sem eiga erfitt uppdráttar í málinu. Þannig er ýtt undir málþroska þeirra og þau efla í íslensku máli, samskiptum við önnur börn og fullorðna.

Hópastarf á eldri deildum skólans hélst óbreytt og eins Vísdómsstundir sem elstu börnin í skólanum stunda nám í. Hópastarfið og Vísdómsstundirnar vöktu mikinn áhuga hjá börnunum en þau ákváðu sjálf viðfangsefni stundanna. Valið þar sem börnin velja sjálf viðfangsefni líðandi stundar og flæðið gekk vel, en í flæðinu gátu börnin farið um allan skólann og leikið. Misunandi viðfangsefni voru á hverju svæði og einn starfsmaður sem sá um hvert leiksvæði fyrir sig og var til staðar fyrir börnin og aðstoðaði þau sem vildu leika sér þar.

Sumarstarfið var skemmtilegt að venju. Útiveran var nýtt eins og hægt var. Yngstu börnin voru í garðinum að moka og æfa sig í að klifra, renna og víkka sjóndeildarhringinn meðan eldri börnin fóru í hjólaferðir, á söfn og í útikennslu svo eitthvað sé nefnt.

Í lok nóvember 2020 fór af stað vinna vegna vinnustyttingu starfsmanna. Starfsmenn úr öllum stéttarfélögum sem starfa í Vinaminni sátu í vinnustyttingarhópnum. Skýrsla um vinnustyttingu var afhent öllum starfsmönnum skólans svo allir gætu lesið sig til um hvernig vinnustyttingin væri hugsuð og hugmyndir gætu vaknað hjá starfsfólkini um framkvæmd þess í Vinaminni.

Í leyнilegri kosningu sem fram fór í starfsmannahópnum um framkvæmd vinnustyttingarinnar réði sú niðurstaða úrslitum að vinnustyttingin yrði 13 mínútur á dag og tekinn hálfur dagur einu sinni í mánuði í vinnustyttingu miðað við 100% starf.

Nokkurra erfiðleika gætti í byrjun árs 2021 vegna óviðráðanlegra orsaka en með faglegum vinnubrögðum og útsjónarsemi tókst stjórnendum skólans að vinna að farsælum lausnum.

Börnin undu glöð og kát í skólanum sínum tilbúin til að takast á við skólastarf næsta skólaárs með dyggum stuðningi starfsmanna skólans.

Starfsfólkið er mikilvægasta aflið í starfi leikskóla. Það er mjög mikilvægt að allt starfsfólk sé tilbúið til að vinna með börnunum af gleði og sinna hverju og einu barni af natni. Starfsfólk þarf að vera meðvitað um þarfir, langanir, getu og þroska hvers og eins barns, vera til staðar fyrir þau og hjálpa þeim að þroskast áfram. Starfsfólk þarf að sjá til þess að börnin fái þroskandi viðfangsefni í leik og starfi, það þarf að baða börnin í íslensku máli alla daga, og sjá til þess að umhverfið sé læsishvetjandi.

Eins og áður segir eru sjálfbærni, frumkvæði, jafnrétti, lýðræði, samskipti, virðing og vínsindi einnig þættir sem taka rými í starfi skólans. Leikskólaárin, með öðrum orðum, bernskuárin eru mótnunarár barnanna þar sem grunnur er lagður til framtíðar til áframhaldandi náms á næstu skólastigum.

Sólveig Einarsdóttir, leikskólastjóri

Í umbótaáætlun fyrir skólaárið 2020-2021 voru eftirfarandi þættir lagðir til grundvallar í starfinu, og endurmetnir vor 2021.

2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021

Innra mat. Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Stjórnun			
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi. Leikskólastjóri hvetji leikskólakennara og annað starfsfólk markvisst til að auka gæði náms og starfs.	Umræður á starfsmannafundum, deildarfundum og deildarstjórafundum, skráningar	Skólastjórar, deildarstjórar, starfsmenn	Starfsfólk fékk aukna ábyrgð og hver og einn starfsmaður tók að sér ákveðið verkefni til að sjá um í starfinu. Það gekk mjög vel yfir vetrartímann. Sumum fannst þetta erfitt, sérstaklega að fara í ferðir yfir sumartímann með börnunum. Ábyrgðin var mikil á starfsmönnum og þreyta gerði vart við sig hjá þeim.
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur, starfsþróunarsamtöl	Starfsþróunarsamtöl eru hafin. Leikskólastjóri og starfsmaður taka samtalið.	Starfsmenn skólans	Ekki tókst að klára ferli starfsþróunarsamtala síðastliðið skólaár. Þráðurinn tekinn upp a klára starfsþróunarsamtöl fyrir skólaárið 2021-2022. skoða niðurstöður starfsþróunarsamtala og þeim fylgt eftir
Faglegt samstarf: Að lýðræðisleg vinnubrögð einkenni samstarf í leikskólanum	Umræður á starfsmanna-deildardeildarstjórafundum. Skráningar	Starfsmenn, elstu börn skólans.	Starfsmenn voru sammála um að lýðræði væri í starfinu með börnunum. Börnin fá að ákveða sitt starf sjálf að miklu leyti. Þau áveða hvað er í boði að gera á valsvæðunum, í flæði og í stöðuvavinnu. Þeirra óskir og langanir eru virtar og þeim hjálpað að uppfylla þær. Í endurmati með börnunum kom fram að þau voru ánægð með nám sitt í skólanum. Alltaf má bæta starfið og heldur starfsfólk ótrauft áfram að efla lýðræði í starfinu með börnunum næsta skólaár þannig fá börnin enn þá fleiri tækifæri til ákváðanatöku í starfinu.
Leikskólapróun og símenntun. Að starfsfólk sé hvatt til að leita leiða til að efla sig í starfi og skoða gagnýnum augum vinnulag og kennslu aðferðir sínar	Á deildarfundum, starfsmannafundum. Deildarstjórafundum. Skráningar.	Allir starfsmenn	Starfsfólk var mjög duglegt að koma með hugmyndir í starfinu með börnunum og efla sig þannig í starfi. Mikil ánægja var meðal starfsmanna að framkvæma sínar hugmyndir. Sumir voru óöryggir og burftu stuðning fagaðila til að framkvæma hugmyndir sínar. Minna var um símenntun starfsmanna síðastliðið skólaár vegna Covid 19 takmarkana. Samt sem áður komu fyrirlesarar til okkar á skipulagsdögum með góð innlegg. Í byrjun skólaárs skoðaði starfsfólk vinnulag og kennsluaðferðir sínar grannt, en það hélst því miður ekki út skólaárið.

Skólanámskrá, starfsáætlun áætlanir og verklagsreglur. Starfsáætlun unnin árlega með þáttöku aðila leikskólasamfélagsins.	Á deildarfundum, starfsmannafundum, í foreldraviðtölum, og elstu börnin svöruðu spurningum. Skráningar.	Starfsmenn, foreldrar og börn skólans	Starfsmenn voru sammála um að starfsáætlunin hafi verið með hæfilegum áætlunum um starfið síðastliðið skólaár. Foreldrar voru ánægðir með starfið og best fannst þeim að leikskólinn hélt velli í Covid 19 allan tímum og ekkert smit komst inn fyrir dyr skólans. Börnunum fannst gaman og eins og eitt barnið sagði. Ég man allt og það var allt gaman. Sjá niðurstöður úr endurmati elstu barnanna.
Uppeldis- og menntastarf			
Leikur og nám-lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Á deildar-, fag og starfsmannafundum. Skráningar	Starfsmenn skólans	Börnin skiptust á að ákveða hvað væri í boði að gera á valtímanum. Þau ákváðu viðfangsefni hópastarfs og vísdómsstunda. Á yngri deildum skólans skiptust börnin á að velja viðfangsefni í stöðvavinnu. Skipuleggja þarf betur þátttoku barna í að ákveða viðfangsefni í flæði og í smiðju.
Námssvið leikskólans Íslensk menning	Umræður á deildar-, deildarstjóra- og starfsmannafundum. Skráningar	Starfsmenn skólans	Íslensk menning var í aðalhlutverki, lesnar voru gamlar sögur og ævintýri á eldri deildum skólans. Haldið var upp á íslenska tyllidaga, t.d. var haldið þorrablót á þorranum, fræðsla fyrir börnin um 1. desember, bónadaginn, konudaginn og um 17. júní o.s.frv. og rætt um gömlu mánuðina. Elstu börnin heimsóttu forsetann á Bessastaði 18. júní. Ath.: Lesa þarf meira af léttum gömlum íslenskum sögum og syngja meira af gömlum íslenskum lögum og söngvum með börnunum á yngstu deildum skólans.
Mat á námi og velferð barna, skráningar á námi allra barna	Umræður á deildarstjórafundum. Skráningar	Deildarstjórar og leikskólastjórar	Ekki tókst að gera reglulegar skráningar á námi og framförum allra barna í skólanum síðastliðið skólaár eins og lagt var upp með. Skráningar voru gerðar fyrir foreldraviðtöl og voru skráningar gerðar á þar til gerð skráningarblöð þar sem fram koma allir þroskabættir barnanna, samskipti og framfarir. Haldið verðu áfram með þennan þátt næsta skólaár.
Endurmat elstu barnanna á starfi skólans skólaárið 2020-2021	Börnin svöruðu spurningum: Hvað var skemmtilegt í skólastarfinu? Hvað var leiðinlegt í skólastarfinu? Hefði eithváð mátt vera öðruvísi en það var í skólastarfinu?	Elstu börnin tóku þátt í matinu	Það sem börnunum fannst skemmtilegt í starfinu: Það var gaman að gista í leikskólanum. Það var gaman að gera jólagjöf fyrir mömmu og pabba. Fara í hjólaferðir. Jólaballið. Vísdómsstundir. Vera úti með strákunum.

	Vantaði eitthvað í skólastarfinu? Skráningar		<p>Leika í Búinu. Fara á Þjóðminjasafnið. Segulkúlurnar í Vísdómsstundum. Fara í göngutúra. Úti að leika í sólinni. Fara í Grasagarðinn. Bara að gera allt.</p> <p>það sem börnunum fannst leiðinlegt í starfinu: Ekkert leiðinlegt. Fara út í polla og fær ekki að vera í strigaskóm. Að vera veikur. Þegar A og P voru saman í Vísdómsstund þá leiddist mér.</p> <p>það sem börnunum fannst mega vera öðruvísi en það var í starfinu: Að allir eru vinir að leika. Að við fáum að leggja á borð. Fara alltaf í hjólatúra. Að taka út pússlin. Ég hefði viljað sauma hvíta vettlinga í leikritinu eins og Super Sonic er með. Þegar við gistum, að leika aðeins lengur og fara svo að sofa.</p> <p>Vantaði eitthvað: Nei allt skemmtilegt.</p>
Mannauður			
Fagmennska starfsfólks	Á deildar og starfsmannafundum voru starfsmenn hvattir til að koma með hugmyndir í starfinu. Skráningar.	Starfsmenn	<p>Starfsfólk var í heildina duglegt að koma með hugmyndir í starfinu. Alltaf má bæta og gera meira af því.</p> <p>Starfsfólk þarf að vera meðvitað um að taka meira þátt í leikjum barnanna, sitja með þeim á gólfínu og vera til staðar fyrir þau, kenna þeim og styðja. Taka upp skráningar á þessum þætti næsta skólaár.</p>

Innra mat			
Skipulag og viðfangsefni	Á skipulagsdegi haust 2020 var umræða um að starfsmenn skoði starfshætti sína með gagnrýnum augum og það sé liður í daglegu starfi. Skráningar	Starfsmenn	Fór vel af stað að hausti, allir áhugasamir um að skoða sjálfan sig í starfi. Hugmyndir starfsmanna að góðum starfsháttum voru skráðar teknar saman og settar inn á allar deildir skólans svo starfsfólk gæti minnt sig á góðu starfshættina. Starfsmenn voru sammála um að það hefði þurft að ræða þetta oftar á fundum og halda umræðunni heitri yfir allt skólaárið.
Að endurmeta markmið með starfi skólans reglulega yfir árið	Á deildarstjórafundum voru markmið leikskólans endurmetin og skráningar gerðar á þeim.	Deildarstjórar og stjórnendur skólans	Markmið námskrár leikskólans voru endurmetin. Ekki náðist að endurmets önnur markmið starfsins á síðasta skólaári. Verður haldið áfram þar sem frá var horfið næsta skólaár.

Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu?	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)b
Foreldrakönnun SFS -Barnið og starfið -Foreldrar og starfið -Stefna og stjórnun -Upplifun af leikskólanum	Foreldrar fengu könnun frá SFS sem þeir svöruðu rafrænt	Foreldrar barnanna.	<p>Athugasemdir frá foreldrum voru eftirfarandi:</p> <p>Upplýsingagjöf til foreldra vera í lágmarki þar sem foreldrar komu ekki inn í skólann vegna Covid. Starf skólans til fyrirmynadar aldrei lokað.</p> <p>Finnst að leikskólinn þurfi að nútímaþæða meir t.d. app fyrir myndir.</p> <p>Vantar meiri upplýsingar frá deildarstjórum. Hefur skánað eftir að barnið fór á aðra deild en þegar barnið var á Dvergasteini vissi ég ekkert hvað barnið var að gera yfir daginn og að foreldrar taka þátt í daglegu starfi barnsins t.d. með myndum sem foreldra geta séð.</p> <p>Meiri upplýsingagjöf frá deildarstjórum um hvað barnið hefur verið að gera yfir vikuna.</p> <p>Hvað er átt við með framförum, framförum í hverju, leikskólinn er ekki staður til að þjálfa barnið. Þetta er örugglega finn leikskóli að mörgu leyti en mér finnst ekki borin virðing fyrir tilfinningum barnanna heyri oft sagt við börnin, „hættu að gráta“ o.s.frv. Covid hefur örugglega haft eitthvað með þetta að segja en ég hef séð mjög fá tækifæri fyrir foreldra að segja sína skoðun. Einnig er útisvæðið ekki mjög spennandi, en barninu líður vel og ég er ánægð.</p> <p>Mjög erfitt að svara þar sem samskipti heimila og leikskóla hafa verið mjög skert vegna Covid.</p> <p>Það hefði hjálpað okkur mikil að fá myndir af barninu í aðlögunarferlinu sem sýndi okkur að barninu liði vel. Skóladagurinn hélst óskertur allt árið, skólanum var aldrei lokað, það kom aldrei upp smit í leikskólanum. Vantar verðskrá á heimasiðuna.</p> <p>Vinaminni er frábær og hefur reynst barninu mínu mjög vel, svo vel að ég vil hvergi annars staðar vera með næsta barn.</p> <p>Vil koma til skila risa þakklæti til þeirra í Vinaminni eftir skrítið covid ár, allt til fyrirmynadar.</p> <p>Góður sjálfstæður skóli, ég segi öðrum foreldrum hiklaust frá skólanum.</p> <p>Við foreldrar erum mjög ánægð með skólann, strákurinn okkar kemur alltaf glaður heim í lok dags.</p> <p>Það mættu vera foreldravíðöl á haustönn þegar barnið er byrjað í leikskólanum.</p> <p>Öðruvísni núna á Covid tímum.</p> <p>Við mundum vilja hafa lok á sandkassanum.</p> <p>Á meðan leikskólastarf í Reykjavík einkenndist takmarkaðri starfsemi, lokunum og óhóflega mörgum starfsdögum til að bregðast við ákvörðunum sóttvarnayfirvalda á árinu 2020 þá tókst hinum sjálfstætt starfandi leikskóla Vinaminni að halda sinni þjónustu óskertri með því að bregðast hratt og vel við breyttum aðstæðum í samfélagitnu. Skóladagurinn hélst óskertur allt árið, skólanum var aldrei lokað, aldrei kom upp smit</p>

í skólanum og einungis einn starfsdagur var tekinn það árið (líkt og raunar öll önnur ár). Vinaminni er í sérflokk á meðal leikskóla á Íslandi, á sér í raun enga jafningja, og það er alveg ljóst að allir leikskólastjórnendur mættu tak sér þennan skóla til fyrirmynadar.

Dásamlegt að sjá hvað leikskólastjórinn er virkur í öllu.

Sjá fylgiskjal um frekari niðurstöður foreldrakönnunarinnar.

Umbótaáætlun leikskólans 2021-2022

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Að leikskólastjóri taki áfram þátt í starfinu með börnunum og hvetji starfsfólk til að auka gæði náms og starfs	Umræður um gæði náms og starfs á fagfundum, starfsmanna og deildarfundum. Hrósa starfsfólk og leiðbeina því á jákvæðan hátt. Leikskólastjóri taki markvisst á málum eins og: virðing við börnin, þátttaka barna, virk hlustun starfsmanna. Skráningar.	Skólastjórar og deildar-stjórar	9. ágúst 2021	1. maí 2022	Á deildarfundum, í starfsmannasamtölum. Skráningar	Að starfsfólk verði virkara í starfinu með börnunum sýni meiri áhuga og auki þannig sífellt gæði náms og starfs. Leikskólastjóri vinnur með börnunum í Vísdómsstundum
Faglegt samstarf	Að lýðræðisleg vinnubrögð einkenni samstarf í leikskólanum	Umræður á starfsmanna og deildarfundum um lýðræði í leikskólanum. Skráningar	Skólastjórar	9. ágúst 2021	1. maí 2022	Á deildarfundum og fagfundum, í starfsmannasamtölum og í foreldraviðtölum. Skráningar	Lýðræðislegar áherslur verði skýrar í starfi og skólanámskrá skólans
Skólanámskrá	Að byrja að vinna að endurgerð skólanámskrár á skólaárinu 2021-2022	Kynning og umræður meðal starfsmanna á skipulagsdegi í 6.ágúst 2021. Skráningar	skólastjórar	9. ágúst 2021	9. ágúst 2024	Foreldrar og eftirlitsaðilar skóla og Frístundaráðs	Endurgerð skólanámskrár er á 5-6 ára fresti þar sem mikil þróun á sér stað í starfinu með börnunum og mikilvægt að skólanámskráin sé marktæk og

							endurspeglí starf skólans.
Uppeldis- og menntastarf							
Leikur og nám-lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Halda áfram að efla börnin í að hafa áhrif á viðfangsefni skipulagðra stunda. Leita eftir hugmyndum barnanna og þau studd í að útfæra og framkvæma þær. Börnin hafi val um viðfangsefni í skipulögðum stundum og í frjálsum leik	Börnin hvött til að ákveða sjálf viðfangsefni skipulagðra stunda og viðfangsefni í frjálsum leik. Börnin koma með hugmyndir og kennarar hjálpa þeim að útfæra hugmyndirnar. Viðfangsefni höfð í hæð og sjónhæð barnanna svo þau geti haft góðan aðgang að viðfangsefnunum. Skráningar.	Deildarstjórar	9. ágúst 2021	1. maí 2022	Umræður við börnin, skráningar og myndskráningar. Starfsmenn skrái hvaða börn ákveða viðfangsefnin hverju sinni og hvaða viðfangsefni eru valin. Unnið með niðurstöður til úrbóta að vori. Öll börn fá sömu tækifæri.	Að börnin hafi áhrif á viðfangsefni skipulagðra stunda og í frjálsum leik og þau studd í að útfæra og framkvæma hugmyndir sínar. Börnin njóta þannig betur starfsins og læra meira í gegnum leikinn og á eigin forsemdum.
Fjölbreyttar leiðir séu farnar til að ná fram sjónarmiðum barna	Að hinir fullorðnu hlusti á börnin, hugmyndir þeirra og ræða við þau um hugmyndir og aðstoði þau við að útfæra þær	Hlusta á börnin með athygli, tala við þau, ræða um hugmyndir þeirra við þau, hvetja þau áfram svo þau eflist í hugmyndum sínum. Skrá hugmyndir þeirra og hjálpa þeim að útfæra þær.	Deildarstjórar	9. ágúst 2021	1. maí 2022	Skrá niður leiðirnar sem eru farnar til að fá fram hugmyndir barnanna. Skoða hvaða aðferðir virka best til að ná fram sjónarmiðum barnanna. Skráningar. Metið á starfsmannafundum, deildarfundum og í samtali við börnin að vori.	Með því að börnin fái tækifæri til að koma fram með sjónarmið sín í starfi skólans eflist hugmyndaflug þeirra, þau þroskast í gegnum ferlið/námið og njóta betur bernsku sinnar.

Unnið sé markvisst að uppeldi til sjálfbærni og það endurspeglist bæði í námskrá og starfi.	Ferli hafið, börn og starfmenn gera moltu með afskurði ávaxta.	Halda áfram að gera moltu með börnunum og þeim kennt að nýta moltuna. (þegar moltan er tilbúin til brúks). Börnin gróðursetja fræ að vori og fylgjast með plöntunum vaxa og sjá um þær.	Deildarstjórar	9. ágúst 2021	1. júlí 2022	Umræður við börnin, umræður á deildarfundum. Skráningar	Að kenna börnunum fyrstu skref í sjálfbærni hvað varðar moltugerð og gróðursetningu og auka það svo smátt og smátt. Kemur fram í endurgerðri námskrá.
Að unnið sé markvisst að eflingu vínsinda og rannsóknarstarfi meðal barnanna og það endurspeglist í námskrá og starfi	Gefa börnunum tækifæri til rannsóknar- og vínsindastarfa í leikskólanum	Hafa ýmiss tæki til staðar í leikskólanum sem börnin geta tekið í sundur og rannsakað. Í útikennslu er náttúran rannsökuð og börnin nota öll skilningarárit til að upplifa, uppgötva, þreifa á, sjá og finna það sem náttúran hefur uppá að bjóða. Stækkunargler, pokar til að tína í það sem fyrir augu ber og þeim finnst áhugavert. Myndskráningar og skráningar.	Deildarstjórar og Kennari sem sér um útikennslu	9. ágúst 2021	1. maí 2022	Metið að vori: Á deildarfundum, starfsmannafundum, deildarstjórafundum er rannsóknarstarfið og vínsindastarfið endurmetið. Skráningar. Skráningar yfir veturinn hvernig gekk. Skráningar úr útikennslu, myndaskráning. Börnin taka þátt i endurmati, svör og ummæli barnanna skráð.	Vínsinda og rannsóknarstarf eflir fróðleiksfýsn barnanna og hvetur þau til að vilja vita meira og meira.
Unnið með heimamenningu allra barna.	Að vinna með heimamenningu allra barna í skólanum.	Fá foreldra í lið með okkur og börnin komi með hluti að heiman til að sýna börnunum á deildinni, sem einkenna heimamenningu barnanna. Vera með alla þjóðfána barnanna sýnilega á deildum. Skráningar	Deildarstjórar	9. ágúst 2021	1. maí 2022	Umræður starfsmanna á deildinni um hvernig unnið var með þennan þátt og hvernig gekk. Skráningar	Að gera alla í skólanum meðvitaða um heimamenningu allra barnanna í skólanum og kenna börnunum að heimamenning fólks er mismunandi.

Mannauður/ Leikskólabragur							
Að starfsfólk sæki símenntun	Að hver starfsmaður fái námskeið sem hentar starfi deildarinnar minnst 2svar á ári	Ýmist eru fengnir fyrirlesarar sem koma með fræðslu í skólann og einnig fá starfsmenn tækifæri til að sækja námskeið utan skólans.	Leikskólastjóri og deildarstjórar	9. ágúst 2021	1. maí 2022	Leikskólastjóri og deildarstjórar skrá niður hvaða námskeið hver starfsmaður fer á yfir skólaárið.	Símenntun starfsmanna eflir starfsmenn í starfinu með börnunum, starfsmenn verða hugmyndarákari, áhugasamari, glaðari og njóta sín betur í starfinu með börnunum.
Starfsfólk komi með hugmyndir í starfi og fái rými til að framkvæma þær	Að starfsfólk fái tækifæri til að koma með hugmyndir sínar að nýjungum í starfi á framfæri	Hlusta á starfsfólkinið, hrósa starfsfólkini, gefa fólkvi svigrúm til að framkvæma hugmyndir sínar, styðja starfsfólk í að útfæra hugmyndir sínar. Skráningar	Deildarstjórar	9. ágúst 2021	1. maí 2022	Umræður í starfsmannahópnum, á deildarfundum og á starfsmannafundum, skráningar, umræður við börnin. Skráningar	Ánægt, áhugasamt, hugmyndarákt starfsfólk gefur meira af sér til barnanna og öllum líður vel.
Að starfsfólk eflí sig í starfi með börnunum, hvað varðar virka hlustun, virðingu, hvernig talað er við börnin, hvernig þeim eru sett mörk og starfsfólk sé meðvitað um tónhæð sína og raddblæ í	Að starfsmenn skoði sjálfan sig í starfinu með börnunum og eflí sig í virkri hlustun, að bera virðingu fyrir börnunum tala við þau í lágum tónum og leyfa þeim að ráða ferðinni.	Að starfsfólk hjálplist að, minni hvert annað á með virðingu og fallegum orðum, starfsfólk hrósi hvert öðru fyrir að reyna og sýna framfarir.	Allir starfsmenn skólans	9. ágúst 2021	1. maí 2022	Umræður á deildarfundum og starfsmannafundum. Skráningar. Rætt um hvernig hægt sé að bæta sig enn betur í virkri hlustun, virðingu við börnin, tónhæð o.s.frv.	Forsenda þess að börnunum líði sem best í leikskólanum er að það sé borin virðing fyrir þeim, það sé talað fallega til þeirra og virk hlustun sé í aðalhlutverki í samskiptum við börnin

samskiptum við börnin							
Innra mat							
Niðurstöður úr innra mati séu formlega kynntar helstu hagsmunaaðilum	Á skipulagsdegi 5. ágúst 2021 verða niðurstöður úr innra mati kynntar starfsfólk. Á foreldra- fundi í september verða niðurstöður kynntar fyrir foreldrum.	Umræður starfsmanna um hvernig unnið verði með börnunum næsta skólaár þannig að umbætur í starfsáætlun fyrir skólaárið 2021-2022 nái fram að ganga. Á foreldrafundi í sept. 2021 verður farið yfir umbótaáætlun skólaársins og hún kynnt fyrir foreldrum.	Leikskóla- stjóri	Fyrir starfsfólk 5. ág. Fyrir foreldra fyrir lok sept 2021	6. ágúst 2021 Fyrir 30. sept 2021	Umræður starfamanna á skipulags og starfsmannafundum. Skráningar. Foreldrar hvattir til að koma með tillögur að breytingum í starfi skólans. Skráningar	Starfsfólk opið fyrir umbótum í starfi, tekur eftir hvað þarf að bæta í starfinu. Starfsfólk verður ábyrgðarfyllra og vandvirkara í starfinu með börnunum. Foreldrar fái upplýsingar um umbætur í starfi skólans.

3. Innra mat deilda

Innra mat Álfasteinn

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Einkunnarorð/gildi verði sýnileg á deildum	Einkunnarorð og gildi skólans eru sýnileg á deild	Starfsmenn deildarinnar.	Einkunnarorð og gildi eru sýnileg á deild og unnið er eftir þeim. Lokið
Ritmál verði sýnilegt á deildinni	Ekki tókst að setja upp ritmál á deildinni né vinna með TMT eins og lagt var upp með.Skráningar	Umræður starfsmanna á deildinni	Ekki tókst að vinna með TMT og ritmál á deildinni síðastliðið skólaár og verður unnið með það næsta skólaár.
Unnið með heimamenningu allra barna.	Umræður starfsmanna á deildinni um hvernig unnið var með þennan þátt. Skráningar	Starfsmenn deildarinnar	Ekki var unnið með heimamenningu allra barna á deildinni. Aðeins unnið með íslenska menningu. Unnið verður með heimamenningu allra barna á næsta skólaári.

Umbótaáætlun Álfasteins 2021-2022

UMBÓTAÐÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Málþroski yngstu barnanna í skólanum							
	Efla orðaforða barnanna. Þar með að efla börnin í samskiptum við aðra í töluðu máli	Deildarstjóri leiðbeinir starfsfólki og hvetur það á jákvæðan hátt til að tala meira við börnin. Setja orð á athafnir allan daginn í öllum stundum. Lestrarstundir, söngstundir á hverjum degi.	Deildarstjóri	9. ágúst 2021	1. maí 2022	Umræður á deildarfundum, skráningar. Samtöl við foreldra. Skráningar	Að börnin öðlist færni í íslensku máli og geti farið að nýta það í samskiptum við aðra.
TMT og ritmál sýnilegt á deildinni	Börnin geti tileinkað sér einföldustu tákna TMT.	Nota tákna með töluðu máli. Alltaf sömu 3-4 tákna eru tekin í mánuð og svo bætt inn í eftir því sem börnin eldast. Myndir hvers tákns sýnilegt á deildinni.				Umræður á deildarfundum og skráning. Umræður við foreldra. Skráningar	Að börnin verði fær um að þekkja og nota einföld tákna þegar það á við.
Líkamsvitund barnanna efld.	Unnið með líkamshluta með börnunum.	Umræður um líkamshlutana við börnin í samverustundum. Myndir, söngvar og sögur sem tengjast efninu. Myndir af líkams-	Deildarstjóri	9. ágúst 2021	1. maí 2022	Umræður á deildarfundum. Skráningar	Að börnin læri að þekkja helstu líkamshluta sína.

		hlutunum sýnilegar á deildinni.					
Starfsfólk eflir sig í starfi með yngstu börnunum	Að starfsfólk eflist í starfi og verði öruggara í kennslu	Starfsfólk sitji í leik með börnunum og sinni þeim af áhuga. Baði þau í íslensku máli og sjái til þess að skipt sé oft um viðfangsefnir, eftir áhuga barnanna.	Deildarstjóri	9. ágúst 2021	1. maí 2022	Umræður starfsmanna á deildinni um það hvernig gengur að efla sig í starfi. Skráningar	Að starfsfólk sýni börnunum virðingu og áhuga í starfi og sinni þeim af kostgæfni.
Unnið með heima menningu barnanna á deildinni.	Að vinna með heima menningu allra barna í skólanum.	Fá foreldra í lið með okkur og börnin komi með hluti að heiman sem einkenna heimamenningu þeirra til að sýna vinum sínum. Vera með alla þjóðfána barnanna sýnilega á deildum. Skráningar	Deildarstjóri	9. ágúst 2021	1. maí 2022	Umræður starfsmanna á deildinni um hvernig unnið var með þennan þátt og hvernig gekk. Skráningar	Að gera alla í skólanum meðvitaða um heimamenn ingu allra barnanna í skólanum og kenna börnunum að heimamenning fólks er mismunandi.

Innra mat Dvergasteinn

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Að efniviður sé krefjandi fyrir börnin og passa að bæta við verkefnum þegar börnin þurfa meira krefjandi viðfangsefni.	Umræður starfsmanna deildar og skráningar	Starfsmenn deildar.	Það kom fram í endurmati að þessi þáttur í starfinu gekk vel, börnin tóku ótrúlegum framförum í þroska og þau voru orðin flink í að ná í efnivið að þeirra geðþótta. Það verður unnið eins næsta skólaár á Dvergasteini með þennan þátt.
Að leyfa börnunum að vera með í ráðum með viðfangsefni skipulagðra stunda	Skráningar umræður starfsmanna	Starfsmenn deildainnar	Það gekk mjög vel að leyfa börnunum að vera með í ráðum um viðfangsefni skipulagðra stunda. Börnin skoðuðu myndir af því sem í boði var og þau völdu viðfangsefnin út frá myndunum. Unnið verður eins næsta skólaár á Dvergasteini með þennan þátt.
Leyfa börnunum að ráða hvað þau leika með í frjálsum leik, innan vissra marka. Hafa efnivið sýnilegan í hæð barnanna.	Skráningar, umræður starfsmanna	Allir starfsmenn deildarinnar	Þessi þáttur gekk einnig vel. Börnin nutu þess að fá að ákveða hvaða viðfangsefni voru í boði í frjálsum leik. Unnið verður með þennan þátt áfram á næsta skólaári þar sem yngri börn koma á deildina.
Styðja betur við máltoku barnanna með því að bæta við ritmáli og tölustöfum, TMT myndum og Lubba myndum, vera með orð á hlutum sýnileg, myndrænt dagskipulag. Lubbi finnur málbein, málhljóðin hans Lubba sögur og söngvar	Skráningar og umræður starfsmanna á deildinni	Deildarstjóri	Börnin flugu áfram í máltoku á Dvergasteini síðastliðið skólaár. Tekið var upp myndrænt dagskipulag sem gekk vel. Sögur og söngvar hafa alltaf verið hafðar í hávegum, mikil lesið og sungið. Lubbastundir fóru ekki af stað og ekki heldur ritmál á deild eins og lagt var upp með. Haldið verður áfram þar sem frá var horfið næsta skólaár.
Sjálfbærni og vísindi.	Skráningar umræður starfsmanna á deildinni.	Deildarstjóri	Á Dvergasteini var unnið að moltugerð og rusl flokkað með börnunum en annað starf sem hafði verið ákveðið í þessum þætti fór ekki af stað. Haldið áfram með það næsta skólaár.

Umbótaáætlun Dvergasteins 2021-2022

UMBÓTAÐÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Uppeldi, menntun og starfshættir							
Uppeldi, menntun og starfshættir	Fara vel yfir efnivið deildar innar og passa að hann sé krefjandi fyrir börnin. Passa að bæta við verkefnum þegar börnin þurfa meira krefjandi viðfangsefni.	Skipuleggja efnivið og verkefni barnanna vel, sjá til þess að hann sé krefjandi fyrir börnin. Passa að bæta við verkefnum þegar börnin þurfa meira krefjandi viðfangsefni.	Deildarstjóri	9.ágúst 2021	2.naí 2022	Fylgjast með hvernig börnin nýta viðfangsefni. Skráningar. Umræður á deildarfundum. Skráningar.	Að börnin fái krefjandi og þroskandi viðfangsefni og þau gleymi sér í leik inni á deild.
Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna.	Leyfa börnunum að vera með í ráðum með viðfangs_efni skipulagðra stunda.	Vera með myndir af viðfangsefnunum sem eru í boði í skipulögðum stundum, leyfa börnunum að velja viðfangsefni skipulagðra stunda	Deildarstjóri	9. ágúst 2021	2. maí 2022	Skrá hvaða börn tóku þátt í að velja hverju sinni svo allir fái tækifæri til að ákveða viðfangsefni skipulagðra stunda. Umræður á deildarfundum, skráningar.	Börnin séu þátt-takendur í viðfangsefnum skipulagðra stunda.
	Leyfa börnunum að ráða hvað þau leika með í frjásum stundum, innan vissra marka.	Hafa viðfangsefni barnanna í þeirra hæð og dótakassa merkta með myndum svo þau geti gengið að þeim og náð sér í viðfangsefni.	Allir starfsmenn deildarinnar	9. ágúst 2021	1. maí 2022	Skráningar á hvaða viðfangsefni höfða til barnanna, hvað nýttist best í starfinu, hvað er það sem börnin hafa ekki áhug á. Skráningar,	Að börnin geti valið sér verkefni í frjásum leik og geti gengið frá eftir sig.

						urmæður á deildarfundum, skráningar.	
Námssvið leikskólans, máltnaka barna	Styðja við málþöku barna með því að vera með ritmál, tölustarfi, myndir, TMT og Lubba sýnileg á deild.	Vera með orð á hlutum sýnileg á deildinni, bókstafi og tölustafni, TMT myndir og myndrænt dagskipulag. Lubbi finnur málbein, sögur, söngvar og málhljóðin unnin með börnunum.	Deildarstjóri	9. ágúst 2021	1 maí 2022	Skráningar á hvað er unnið með hverju sinni, málhljóð, tölur, söngvar o.s.frv. Umræður á deildarfundum, skráningar.	Að styðja við málþöku barnanna með því að bæta við ritmáli tölustöfum TMT og Lubba.
Sjálfbærni og vísindi.	Vinna markvisst með sjálfbærni og vísindi	Vinna með einingakubba með börnunum. Nota myndvarpa, ljósaborð, segulkubba og sull. Flokka rusl með börnunum, moltugerð.	Deildarstjóri	9. ágúst 2021	1. maí 2022	Nota skráningar til að fylgjast með áhuga barnanna. Umræður á deildarfundum og skráningar	Að börnin fái tækifæri til að vinna með sjálfbærni og vísindi.
Unnið með heimamenningu barnanna á deildinni	Að vinna með heimamenningu allra barna í skólanum.	Fá foreldra í lið með okkur og börnin komi með hluti að heiman sem einkenna heimamenningu þeirra til að sýna vinum sínum. Vera með alla þjóðfána barnanna sýnilega á deildum. Skráningar	Deildarstjóri	9. ágúst 2021	1. maí 2022	Umræður starfsmanna á deildinni um hvernig unnið var með þennan þátt og hvernig gekk. Skráningar	Að gera alla í skólanum meðvitaða um heimamenningu allra barnanna í skólanum og kenna börnunum að heimamenning fólks er mismunandi.

Innra mat Völusteinn

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Börn fá tækifæri til að hafa áhrif á skipulagningu starfsins	Umræða starfsmanna og skráningar	Starfsmenn deildarinnar	Eitt barn var valið í hverri viku til þess að ákveða hvað yrði leikið með á valtímanum. Þetta gekk vel og fengu öll börnin að velja út önnina og sum oftar en einu sinni. Það tókst vel að halda utan um skráningu á því sem börnin völdu að gera. Einnig gekk vel að halda utan um skráningu á því hvaða börn völdu viðfangsefni.
Unnið markvisst með sjálfbærni og vísindi og það endurspeglist bæði í námskrá og starfi	Umræða	Starfsmenn deildarinnar	Börnin efldu sig í sjálfbærni með flokkun á rusli, umhverfisvernd, gróðursetningu grænmetis. Tilraunir barnanna með verðlaust efni, segla, ljósaborð og smíði. Þetta gekk mjög vel fyrir áramót en eftir það datt vísindastarfið út en lögð var áhersla á aðra hluti í staðinn Einnig hafði áhrif að nýtt fólk kom til starfa og ekki var lögð áherslur á þetta við starfsfólk.
Skráning á námi barna er sýnileg á deild	Umræða	Starfsmenn deildarinnar	Þessu var ekki fylgt eftir. Ljósmyndir voru teknar af börnumnum í ýmsu starfi leikskólans en því var ekki fylgt eftir að nota þær á þann hátt sem lagt var upp með.
Leitað verði leiða til að fá fram raddir barna sem ekki hafa færni í íslensku	Umræða	Starfsmenn deildarinnar	Þessu var fylgt vel eftir. Notað var eitt táknmál TMT fyrir hverja viku sem gaf börnumnum nægan tíma til að læra það og nýta sér þegar við á. „Lubbi finnur málbein“ var í miklu uppáhaldi hjá börnumnum og fengu þau einn og hálfan tíma einu sinni í viku í Lubbastund, þá var farið yfir málhljóð eins stafs í einu og unnin verkefni í tengslum við það. Myndrænt dagskipulag var notað á hverjum degi og hjálpaði þetta börnumnum að skilja og munna hvernig dagurinn gengi hverju sinni. Einnig var skipulagið alltaf í sjónmáli fyrir þau til að skoða ef þau vildu. Þetta gekk að öllu leiti mjög vel og mun halda áfram næsta skólaár.
Styðja við máltöku og málþroska barna með aukinni áskorun í viðfangsefnum, verkefnum og efnivið.	Umræður	Starfsmenn deildarinnar	Lögð var áhersla á samverustundir þar sem söngur, lestur og hlustun var í fyrirruumi. Börn með slakan málþroska fengu sérstakar sögustundir þar sem auðveldari bækur voru lesnar og meiri umræða fór fram um söguna. Miklar framfarir voru hjá börnum með slakan málþroska og verður lögð áhersla á þennan þátt áfram næsta skólaár. Ekki var gert eins mikið og lagt var upp með í byrjun.

Leitað verði eftir hugmyndum barna og þau studd í að útfæra þær	Umræður	Starfsmenn deildarinnar	Hugmyndasmiðja átti að vera einu sinni í viku til að efla sköpunargleði barnanna. Þetta var hins vegar ekki notað. Í staðinn fengu þau útikennslu sem þjónar sama tilgangi.
Gera efnivið til sköpunar sýnilegan og aðgengilegan börnunum á deildinni	Umræður	Starfsmenn deildarinnar	Börnin hafa alltaf aðgang að efnivið til sköpunar. Blöð, lím, litir o.fl. Þetta hefur nýst þeim vel til að tjá sig, segja frá myndinni sinni, ræða við vini sína og eiga notaleg samskipti. Einnig hafa börnin merkta skúffu sem þau láta verkin sín í þegar þeim er lokið. Lokið

Umbótaáætlun Völusteins 2021-2022

UMBÓTAÐÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Efla hugmyndir og sköpunargáfu barnanna	Að efla hugmyndir og sköpunargáfu barnanna	Skipulögð útikennsla þar sem börn fá tækifæri til að nota hugmyndir sínar, upplifanir og ímyndunarafl til að koma skoðunum sínum á framfæri. Einnig verður unnið út frá þessum hugmyndum í smiðju í myndlist og í umræðum við börnin.	Deildarstjóri og útikennslukennari.	9. ágúst 2021	2. maí 2022	Skráning á hugmyndum barnanna, umræður við börnin og umræður á deildarfundum.	Að hugmyndaflug barnanna eflist, ásamt því að sköpunargleði þeirra fai að njóta sín án afskipta kennara nema þegar við á.
Að börnin séu þáttakendur í að ákveða viðfangsefnin skipulagðra stunda.	Gefa börnum tækifæri til að hafa áhrif á viðfangsefni skipulagðra stunda.	Börnin skiptast á að vera umsjónarmenn. Í því felst að þau hafa áhrif á skipulagt starf dagsins. Þau sýna myndir úr bók í samveru, velja lög til að syngja í söngvali, velja viðfangsefni í	Deildastjóri	9. ágúst 2021	2. maí 2022	Eitt barn er umsjónarmaður hvern dag. Skráð er eftir nafnalista barnanna hver er umsjónarmaður hverju sinni þannig að öll börn fá	Að börnin eflist í sjálfstæði. Geti talað fyrir framan börn og starfsmenn deildarinnar. Börnin taki ákvarðanir eftir sínu innsæi. Að börnin hafi áhrif á viðfangsefni

		skipulögðum stundum og í frjásum leik.			tækifæri til þess að vera umsjónarmaður.	skipulagðra stunda og í frjásum leik.	
Leitað verði leiða til að fá fram raddir barna sem ekki hafa færni í íslensku	Ýta undir málörvun og málþroska barna sem ekki hafa fulla færni á íslensku máli.	Innlögn á TMT. Valið verður táknað vikunnar sem sett verður fram myndrænt. Myndrænt dagskipulag sett upp í byrjun hvers dags og börnunum sagt frá starfi dagsins með það til hliðsjónar. Unnið með „Lubbi finnur málbein“. Útikennaða notuð til að auka orðaforða utan leikskólans, lestur í fámennum hópi jafnaldra og söngur.	Stuðningsaðili og deildastjóri	9. ágúst 2021	2. maí 2022	Skráning, samskiptabækur, deildarfundir og fagfundir	Leitað verði leiða til að fá fram raddir barna sem ekki hafa nægilega færni í íslensku máli.
Unnið með heimamenningu barnanna á deildinni	Að vinna með heimamenningu allra barna í skólanum.	Fá foreldra í lið með okkur og börnini komi með hluti að heiman sem einkenna heimamenningu þeirra til að sýna vinum sínum. Vera með alla þjóðfána barnanna sýnilega á deildum. Skráningar	Deildarstjóri	9. ágút 2021	1. maí 2022	Umraður starfsmanna á deildinni um hvernig unnið var með þennan þátt og hvernig gekk. Skráningar	Að gera alla í skólanum meðvitaða um heimamenningu allra barnanna í skólanum og kenna börnunum að heimamenning fólks er mismunandi.

Innra mat Töfrasteinn

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Börnin fá tækifæri til að hafa áhrif á skipulagningu starfsins	Umræður á deildarfundum. Skráningar.	Starfsmenn deildarinnar.	Börnin fengu að setja upp val, velja hvað var í boði í fínhreyfingastundum, hjálpa til við að velja verkefni í flæði. Það gekk mjög vel. Ekki gekk vel að skrá og halda utan um hverjir voru búnir að setja upp valið. Unnið með það áfram næsta skólaár
Unnið verði markvisst með sjálfbærni og vísendi og það endurspeglist bæði í námskrá og starfi	Umræður starfsmanna og skráningar	Starfsmenn deildarinnar	Það var einróma álit starfsmanna að börnin voru leidd fyrstu skrefin í sjálfbærni með því að flokka rusl og búa til moltu. Börnin fengu vísendaleg rannsóknaverkefni í útikennslu og á leikstöðvum í stöðvavinnu. Rannsóknarverkefni með segla, vatn, ljósaborð o.p.h. minnkuðu eftir því sem á leið skólaárið og gleymdist þegar nýtt starfsfólk kom til starfa á vorönninni. Útikennslan hélt velli og breyttist til hins betra með mikilli rannsóknarvinnu og auknum áhuga barnanna.
Skráningar á námi barna eru sýnilegar á deild	Umræður. Skráningar.	Deildastjóri	Myndskráningar voru miklar úr útikennslu en nánast ekkert úr öðru starfi. Foreldrar náðu ekki að koma inn í skólann og sjá skráningarnar úr starfinu sökum takmarkana vegna covid 19

Umbótaáætlun Töfrasteins 2021-2022

UMBÓTAÐÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Leikur og nám, jafnrétti og þátttaka barna.							
	Börnin fái tækifæri til að hafa áhrif á viðfangsefni skipulagða starfsins og viðfangsefni í frjálsum leik.	Útbúin verða skráningarblöð sem skráð er á hverju sinni hvaða barn setur upp valið fyrir börnin. Einnig er skráð hvaða barn velur viðfangefni skipulagðra stunda og viðfangsefni í frjálsum leik	Deildarstjóri	1.ágúst 2021	1. maí 2022	Á deildarfundum. Skráningar	Að öll börn fái tækifæri til að ákveða viðfangsefni skipulagðra stunda og í frjálsum leik
Leitað verði leiða til að fá fram raddir barna sem ekki hafa færni í íslensku	Leitað verði leiða til að fá fram raddir barna sem ekki hafa færni í íslensku.	Innlögn á TMT. Börnin skiptast á að velja tákni vikunnar. Ca. 3 tákni í einu. Myndrænt dagskipulag. Myndrænt einstaklingsskipulag fyrir þau börn sem þurfa meiri stuðning í málþökunni. Sagnalestur og söngur. Einstaklings málþurvunarstundir fyrir þau börn sem þess þurfa og því	Deildarstjóri og stuðningsaðilar.			Skráningar, samskiptibækur, umræður starfamanna á deildarfundum og fagfundum.	Að börnin sem eru slök í málþroska fái alla þá örvin sem kostur er á í skólastarfinu. Að börnin skilji dagskipulagið og hvað er fram undan í starfinu. Að þau geti tjáð sig um það sem þeim liggur á hjarta, geti notað TMT tákni til að tjá sig og síðan íslenska málið. Þannig öðlast börnin öryggi og vellíðan í skólanum.

		fylgt eftir með stuðningi inn í barnahópinn.				
Sjálfbærni og vísindi	Unnið markvisst með sjálfbærni og vísindi.	Flokka rusl, hald áfram með moltugerðina.Börnin gróðursetji grænmeti, endurvinni pappír, vinni með verðlaust efni, geri tilraunir með vatn, loft, segla, ljósaborð, stækkunargler o.fl. Vera með öfluga útikennslu þar sem börnin læri um náttúruna og að bera virðingu fyrir henni.	Útikennslukennari	15.08.2021	30.júní 2022	Skráningar, myndskráningar, verkefni, umræður. Deildarfundir.
Unnið með heimamenningu barnanna á deildinni	Að vinna með heimamenningu allra barna í skólanum.	Fá foreldra í lið með okkur og börnin komi með hluti að heiman sem einkenna heimamenningu þeirra til að sýna vinum sínum. Vera með alla þjóðfána barnanna sýnilega á deildum. Skráningar	Deildarstjóri	9. ágúst 2021	1. maí 2022	Umræður starfsmanna á deildinni um hvernig unnið var með þennan þátt og hvernig gekk. Skráningar

4. Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2020-2021

Skipulagning sérkennslu 2020-2021	<p>Hvernig var sérkennslan skipulögð, var menntun án aðgreiningar höfð í huga. Hvernig var skráningu háttáð t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl.?</p> <p>Í einstaklingsþjálfun var unnið með atferlisíhlutun. Atferlisíhlutun byggir á aðferðum hagnýtrar atferlisgreiningar (applied behaviour analysis). Í upphafi eru sett skýr og mælanleg markmið. Grunnur í atferlisþjálfun eru afmarkaðar kennslueiningar sem mynda svo æfingalotu en hún samanstendur af 9 aðgreindum kennslueiningum. Eftir hverja kennslueiningu er stutt 1-2 mín. hlé sem er þá notuð til að skrá niður niðurstöðu og í lok hverrar æfingalotu eru niðurstöður teknað saman. Notast er við skráningarblöð frá Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins fyrir atferlisþjálfun. Þeim blöðum er svo safnað saman í möppu merktri nemandanum. Þá er hver þjálfunarstund skráð niður í stílabók og í hana skráð niður hvað var gert í hvert skipti sem barnið er í einstaklingsþjálfun, hverjar eru framfarirnar og hvað þarf að vinna með áfram.</p> <p>Einnig er mikilvægt að vinna með barninu í barnahópnum. Barnið þarf að finna að það er hluti af barnahópnum. Þegar barnið er í hópnum er stuðst við náttúrulega kennslu, þá fylgir þjálfir eftir áhuga barnsins, aðstoðar og kennir. Þegar barnið sýnir samnemendum sínum áhuga þá getur þjálfir aðstoðað barnið í að koma af stað hverskonar samskiptum, munnlegum, með Pecs eða með handabendingum reynt er að hafa samskiptin sem jákvæðust til að auka líkur á að samskiptin endurtaki sig. Barnið er aðstoðað í öllum athöfnum daglegs lífs á leikskólanum með munnlegri stýringu, handstýringu eða fyrirmynnd. Síðan er dregið kerfisbundið úr stýringu til að auka sjálfshjálpargetu og sjálfstæði barnsins. Dæmi: barnið þarf að klæða sig sjálf í skó. Fyrst aðstoðar þjálfir barnið við að klæða sig í skóna og lýsir hverju stigi fyrir sig. Því næst getur þjálfir látið barnið sjálf opna skóna, þjálfir sýnir fyrst til hvers er ætlast af barninu með því að gera sjálfur, réttir svo barninu skóna, hvetur áfram og aðstoðar með handstýringu ef þarf, svona gengur þetta síðan þar til það dugar þjálfir að nota einungis munnleg fyrirmæli „klæddu þig í skóna“. Þegar barnið vill ekki gera það sem til er ætlast reynir þjálfir að tala barnið til og koma því í skilning um að nú sé ekki neitt annað í boði. Þannig lærir barnið smátt og smátt að hjálpa sér sjálf, eflir sjálfstæði sitt og getu. Skráningar voru gerðar á þátttöku barnsins í félagslegum aðstæðum.</p> <p>Unnið var á þennan hátt með börn sem nutu einstaklingsþjálfunar í skólanum og lögð áhersla á menntun án aðgreiningar svo öll börn fái sömu menntun og þjálfun sem hentar hverjum og einum nemenda.</p>
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM2 o.fl.	Framfarir barna sem njóta sérkennslu eru metin reglulega yfir skólaárið, minnst á 6 mánaða fresti. Tæki sem eru notuð til að meta stöðu barnanna eru AEPS EFI2 og HLJÓM2. Gerðar eru einstaklingsnámskrár út frá niðurstöðum AEPS og unnið út frá þeim.
Hvaða námsefni var notað? Voru t.d. notuð aðkeypt námsgögn?	Námsgögn sem voru notuð voru bæði aðkeypt og búin til í skólanum eftir þörfum nemanda. Við notuðum mismunandi erfið púsl og bækur bæði mynda bækur og bækur með texta. Legókubba til að kubba eftir fyrirmynnd. Leir, pinna, perlur og skæri til að æfa finhreyfingar og styrkja úlnliði. Blýant og liti til að æfa eftirhermu teikninga. Allskonar spil til að bæta orðaforða, samskipti og læra reglur. Þá útbjuggum við myndir af nafnorðum, sagnorðum, tölustöfum, bókstöfum o.fl. í Word sem við plöstuðum. Þá var keyptur iPad og í hann voru sótt meðal annars forritin Orðagull og Bitsboard Pro til að hjálpa til við kennslu. Þá var einnig keypt lítil harðspjalda mappa sem var notuð fyrir PECS (The picture exchange communication system) myndrænt boðskiptakerfi og í hana voru útbúnar myndir sem hentuðu nemandanum. Þá var einnig útbúinn fyrir

	matartímann harðspjalta diskamotta, á hana var svo settur franskur rennilás og því næst útbúnar myndir til notkunar í matarímanum. Þá bjuggum við líka til harðspjalta möppu fyrir daglegt skipulag barns.
--	--

Umbótaáætlun sérkennslu 2021-2022

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Unnið með atferlisíhlutun í einstaklingsþjálfun og félagslega færni í barnahópnum	Finna leiðir sem henta hverju og einu barni í þjálfunar ferlinu.	Haldið áfram á sömu braut og unnið hefur verið undanfarið ár þar sem það hefur reynst mjög vel. Stuðningsaðili vinnur með atferlisíhlutun þegar það á við og fylgir barninu í barnahópnum og hjálpar því í daglegum athöfnum.	Leikskólastjóri og stuðningsaðilar.	9. sept. 2021	1. júlí 2022	AEPS, EFI2 og HLJÓM2 lagt fyrir börnin og metnar framfarir þeirra. Skráningar. Umræður á Teymisfundum með foreldrum og sérfræðiteymi á þB sem eru á 6 vikna fresti. Skráningar.	Að börnin sýni framfarir í alhliða þroska í leikskólanum og unnið sé markvisst með börnunum sem þurfa á einstaklingsþjálfun og stuðningi að halda.

5. Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þáttöku fjöltyngra barna 2020-2021

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngra barna ráðstafað?	Leikskólinn Vinaminni fékk í fyrsta skipti vor 2021 úthlutað fjármagni vegna fjöltyngra barna. Mun það fjármagn vera notað að hluta fyrir laun starfsmanna sem efla mál þessara barna og einnig keypt námsgögn fyrir málörvunina
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt?	Daglega er unnið með orðaforða og málskilning allra barna í skólanum og þá sérstaklega með fjöltyngrum börnum. Lesið fyrir þau, haft orð á hlutum og athöfnum, hlustað á þau, sungið með þeim.

	Börn af erlendum uppruna sem eru með slakan orðaforða fá sagnalestur í litlum barnahópi og með léttari sögum við þeirra hæfi. Þau börn sem standa höllum fæti í málþroska eru tekin í einstaklingsþjálfun 2-3 sinnum í viku þar sem lagður er inn grunnorðaforði auk þess sem unnið er með þau í barnahópnum. Þeim er hjálpað að hafa samskipti við önnur börn og að taka þátt í leik með öðrum börnum.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Leikskólinn Vinaminni er málörvunarleikskóli. Það er lögð mjög mikil áhersla á að efla íslenskt mál. Það þarf að baða börnin í íslensku máli alla daga, lesa fyrir börnin, syngja með þeim, hlusta með athygli á þau, hvetja þau til að segja frá verkunum sínum t.d. myndum, spryja börnin spurninga út frá sagnalestri. Hafa orð á hlutum og athöfnum og vekja athygli þeirra á náttúrunni og því sem fyrir auguber í þeim efnum. Nota fjölbreytt orðaval í samskiptum við börnin, spryja þau hvort þau viti hvað þessi og hin orðin þýða, segja þeim það ef þau vita það ekki.
Er fylgst með framförum fjöltyngrda barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	AEPS listinn er notaður til að fylgjast með orðaforða og málskilningi og alhliða þroska fjöltyngrda barna. Unnið er markvisst með þá þætti sem koma slakir út úr listanum hvort sem það er málþroski, hreyfíþroski, vitsmunuþroski eða annað. Listinn er uppfærður á 6 mánaða fresti. Lögð er málþroskaskimum EFI2 fyrir öll börn skólans þegar þau verða rúmlega þriggja ára gömul og HLJÓM2 fyrir börn á síðasta leikskólaárinu og unnið með málþroska þeirra barna sem koma slök út úr skimumunum. Börnin fá einstaklingsþjálfun í íslensku máli og þjálfun í barnahópnum.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þáttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Það er hlutverk leikskólans að huga vel að öllum þáttum máls og þáttöku barnanna í leik og starfi í skólanum. Ef barn sýnir slaka getu í viðkomandi þáttum er gripið inn í og barnið fær sérstaka þjálfun í skólanum. Unnið er sérstakleg með málþroska barna. Söngur er hafður í hávegum sem og sagnalestur, unnið er með rím, hljóðkerfisvitund, hlustun „Lubbi finnur málbein“. Ritmál er sýnilegt á eldri deildum skólans. Í Vísdómsstundum er unnið með texta og ritað mál með elstu börnum skólans. Í umræðustund er skráð á flettitöflu það sem börnin segja, textinn lesinn/hljóðaður sameiginlega yfir og geymdur. Í næstu stund er textinn rifjaður upp og lesinn/hljóðaður sameiginlega yfir aftur. Með þessu eru börnin að geyma frásagnir sínar á rituðu máli, þau efla hljóðkerfisvitundina, eflast í að segja frá því sem þau hafa áhuga og löngun til og þau styrkjast í félagslegum tengslum, frásagnargetu og íslensku máli. Þarna er kjörið tækifæri til að fylgjast með getu barnanna og grípa inn í ef með þarf. Rímpil, spil sem eflir hljóðkerfisvitund, samsett orð, samstöfur, hljóðgreining, margræð orð, orðhlutaeyðing og hljóðtenging eru mikið notuð.

Umbótaáætlun –fjöldyngi 2021-2022

UMBÓTAÐÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Málþroski fjöldyngdra barna.							
	Að efla mál og málskilning fjöldyngdra barna svo þau geti átt eðlileg samskipti við aðra og þau njóti sín í leik og starfi í leikskólanum.	Unnið verður áfram með málþroska fjöldyngdra barna eins og síðastliðið ár. Samskiptabækur.		9. ágúst 2021	1. maí 2022	Með skráningum og niðurstöðum úr skimunum. Þannig sést hvort þær aðferðir sem notaðar hafa verið við að efla mál og skilning fjöldyngdra barna hafa skilað árangri.	Að fjöldyngd börn læri íslenskt mál, geti tekið þátt í leik annarra barna og átt góð samskipti við aðra.
	Að fjöldyngd börn njóti sín í barnahópnum og geti tekið þátt í leik annarra barna.	Starfsmenn deilda hjálpi fjöldyngdum börnum sem eiga erfitt uppdráttar í barnahópnum að komast inn í leik annarra barna. Samskiptabækur.	Deildarstjórar	9. ágúst 2021	1. maí 2022	Umræður á deildarfundum og skráningar á atferli barna í barnahópnum.	Að fjöldyngd börn verði örugg í barnahópnum og geti tekið þátt í leik annarra barna með gleði og vellíðan þeirra að leiðarljósi.

6. Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl eru hafin. Síðastliðið skólaár náðist ekki að klára starfsþróunarsamtöl og verður haldið áfram með þau á næsta skólaári. Í starfsþróunarsamtölum koma starfsmenn með sínar hugleiðingar um starf sitt, starfsaðstæður, hvernig það vill efla sig í starfi, hverjir eru styrkleikar, veikleikar og hvernig viðkomandi starfsmaður vill setja sér markmið til að bæta sig í starfi. Samtalið er skráð og markmiðum viðkomandi er fylgt eftir í næsta samtali.

Á tímum Covid 19 var ekki möguleiki fyrir starfsfólk að sækja námskeið eða ráðstefnur þar sem samkomutakmarkanir voru mjög hertar og framboð af fræðsluefni sem hentaði starfi skólans af mjög skornum skammti. Á skipulagsdegi hinn 21. apríl 2021 komu fyrirlesarar með fræðsluefni fyrir starfsmenn sem starfsmenn voru mjög ánæggir með. Þórkatla Aðalsteinsdóttir sálfræðingur kom og hélt fyrirlestur um samskipti á vinnustað. Svandís Hlín Karlssdóttir verkfræðingur var með fyrirlestur sem hún kallaði *að efla sig í starfi*. Báðir þessir fyrirlestrar voru góðir og fóru vel í starfsmannahópinn. Nú þegar von er á að hægt sé að starfa eðlilega næsta skólaár stefnum við á að hver starfsmaður geti sótt eftirsóknarvert námskeið eða ráðstefnur minnst 2svar yfir skólaárið. Þannig getur starfsfólk efti sig í starfi, lært meira um börn og skólastarf leikskóla og tileinkað sér og nýtt sér í starfi allt það nýja sem það lærir.

7. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Allt starfið síðastliðið ár litast af Covid 19. Engin samskipti voru milli skólastiga eða skóla á síðasta skólaári vegna samkomutakmarkana stjórvalda. Að voru fóru elstu börnin í heimsóknir í grunnskóla sem þau koma til með að stunda nám í næsta skólaár ýmist með foreldrum sínum eða starfsmönnum leikskólans. Enginn samgangur var á milli Vinaminnis og annara leikskóla á tímum Covid 19.

8. Foreldrasamvinna

Foreldraráðsfundir eru haldnir reglulega yfir árið. Foreldraráð kynnir starf félagsins á foreldrafundum að hausti og þá eru fulltrúar kosnrí úr hópi foreldra til að sitja í foreldraráðinu. Fulltrúar sem setið hafa í stjórn félagsins eru jafnvel sumir hverjir að hætta með börn sín í skólanum eða vilja draga sig út úr stjórninni. Fundir foreldraráðs eru haldnir reglulega yfir árið. Á 1. fundi foreldraráðsins sem er haldinn í október eru nýir stjórnarmeðlimir boðnir velkomnir, farið er yfir störf félagsins síðastliðið ár. Rætt er um þátttökum foreldrafélagsins í jálaundirbúningi t.d. að fá jólaleiksýningu í skólann fyrir börnin og sjá um veitingar á jólaballinu o.fl. Foreldraráð skiptir með sér verkum við undirbúninginn og ákveðið er hvenær á að hittast aftur til að útbúa veitingar á jólaballinu. Á vorönninni er aftur fundur foreldraráðsins þar sem foreldrar taka ákvörðun um vorferð barna og foreldra í sveitina, leiksýningu fyrir börnin á vordögum, sumarhátíðina og annað sem hugmyndir koma upp um og er ákveðið af foreldraráði. Foreldraráð heldur uppi lokaðri facebooksíðu fyrir foreldra skólans, þar koma upplýsingar um störf félagsins og fundargerðir eru settar þar inn. Einnig er stjórn foreldrafélagsins með lokaða facebooksíðu þar sem mikil samskipti fara fram milli þeirra og kemur í staðinn fyrir annars marga fundi stjórnarmanna.

Því miður var foreldrasamvinna af skornum skammti síðastliðið skólaár. Foreldrafundur sem vera átti að hausti 2020 var felldur niður vegna Covid 19 en í staðinn voru foreldrum sendar heim upplýsingar um starfið í tölvupóst. Foreldrar fengu stundaskrár frá deildum og ýtarlegar upplýsingar um það sem unnið yrði með börnunum yfir skólaárið. Það kom að vísu smá Covid-smuga þar sem við gátum boðið foreldrum elstu barnanna í leikskólanum að vera við skólastetningu Vísdómsstundanna og kynningu á námi barna sem stunduðu nám í þeim.

Leikskólastjóri sendi að meðaltali tölvupóst einu sinni í viku til foreldra með upplýsingum um takmarkanir í skólanum vegna Covid 19 og einnig upplýsingar um það hvað börnin á deildum væru að gera. Ekki voru sendar persónulegar upplýsingar um hvert og eitt barn heldur hópinn sem heild. Foreldrar voru alltaf hvattir til að hafa samband við deildarstjóra barnsins og heyra hvernig barninu liði í leikskólanum, heyra um framfarir barnsins og bara hafa samband, styrkja böndin og tala saman. Á tímum Covid er mjög nauðsynlegt að foreldrar haldi sambandi við deildarstjóra og fái fregnir af barninu í skólanum. Foreldrar voru ekki duglegir að hafa samband við deildarstjóran og er það miður þar sem takmarkanir voru svo harðar að ekki var hægt að hittast í skólanum og tala saman um líðan barnsins og framfarir þess í skólanum.

Á vordögum þegar takmarkanir vegna Covid voru enn miklar ákváðum við í Vinaminni að boða foreldra í foreldraviðtöl á kaffihúsini í Drafnarfelli. Það gekk mjög vel og mæltist vel fyrir hjá foreldrum og deildarstjórum. Foreldrar hvers barns fengu hálfu til eina klukkustund í viðtal sem var nauðsynlegt eftir langan aðskilnað foreldra frá skólanum.

Nú horfið allt til betri vegar og vonumst við í Vinaminni til að geta haldið foreldrafundi og foreldraviðtöl á eðlilegan hátt næsta skólaár og efti foreldrasamstarfið til muna.

9. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar þar sem leikskólanum er lokað eru tveir á ári, annar skipulagsdagurinn er í beinu framhaldi af sumarfrí barna og starfsmanna og hinn skipulagsdagurinn er á vorönn. Aðrir skipulagsdagar er haldnir utan hefðbundins vinnutíma. Á skipulagsdegi að hausti er farið yfir starfsáætlun skólaársins og starfsmenn ræða um þá þætti í starfinu sem leggja á áherslu á til umbóta yfir skólaárið. Farið er yfir markmið skólans og þau rædd. Fenginn er fyrirlesari með fræðslu fyrir starfsfólk ið til að efla sig í starfi. Starfsmenn hrista sig saman eftir gott sumarfrí og gera deildir tilbúnar fyrir komu barnanna í skólann. Aðlögun nýrra barna er að fara af stað og það þarf að undirbúa komu þeirra af kostgæfni.

Leikskóladagatali er tekið með fyrirvara um að breytingar geta átt sér stað á dagsetningum. Sjá fylgiskjal 10.4.

F. h. leikskólans

Sólveig Einarsdóttir leikskólastjóri

30. Júní 2021

Leikskólastjóri

Dagsetning

10. Fylgigögn

10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

Starfsáætlun 2021 – 2022

Leikskólinn Vinaminni

Foreldraráð leikskólans skipa:

Brynjar Þórhallsson formaður

Tinna Ósk Þorvaldsdóttir gjaldkeri

Inga Sigurrós Guðnadóttir meðstjórnandi

Stefanía E. Kristjánsdóttir meðstjórnandi

Edith Oddsteinsdóttir meðstjórnandi

Sólveig Einarsdóttir tengiliður v/leikskólann

Um starfsáætlunar leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmíku skóla- og frístundastarfi öðlist börn og ungligar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólk, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjölyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlunar sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Mitt mat er að skólaárið 2020-2021 hafi farið fram úr öllum væntingum. Með útsjónarsemi og gleðina að vopni tókst stjórnendum og starfsfólk Vinaminnis að láta þessa erfiðu tíma hafa lítil sem engin áhrif á starf barnanna. Þau brugðust hratt við í hvert skipti sem takmarkanir eða tilslakanir áttu sér stað og spiliðu mjög vel úr hverri hendi sem þeim var gefin. Stjórnendur og starfsfólk eiga hrós skilið og ég veit að foreldrar eru ánægðir og stoltir af þeim.

Áhrifin á starfið voru samt einhver. Sumt var ekki hægt að gera og álagið stundum það mikið að það losnaði aðeins um reipin í starfinu. Þetta er skiljanlegt á fordæmalausum tímum þar sem fólk þarf að spinna nánast frá einu skrefi í það næsta.

Heilt yfir er starfið mjög gott. Mér líst til dæmis mjög vel á að leggja áherslu á heimamenningu barna, það styrkir þau sem persónur. Vel er fylgst með nemendum og ef einhver mál koma upp, hvort sem það er hegðunarvandi, félagsþroski, málþroski o.s.fv., þá er það tekið föstum faglegum tökum.

Alltaf getur maður blómum á sig bætt og ég er fullviss um að ef starfið getur farið fram hindrunarlaust á næsta skólaári þá verður það sem fór forgörðum á síðasta ári bætt, og gott betur en það.

Brynjar Freyr Þórhallsson

Starfsáætlun leikskólans Vinaminnis endurspeglar starf skólans á frábæran hátt. Starfsfólk leikskólans vinnur virkilega flott og öflugt starf með börnunum sem er í takt við starfsáætlunina. Læsi í leik sýnir sig virkilega vel hjá börnum sem útskrifast úr leikskólanum og eru allt í einu orðin læs án þess jafnvel að átta sig á því sjálf. Allur útbúnaður á leikskólanum er til fyrirmynðar og valkerfið sem nýtt er frá því börnin eru mjög ung kennir þeim mikið um sjálfstæða hugsun. Vísdómsstundirnar eru ótrúlega flottar og skila börnunum mjög tilbúnum upp á næsta skólastig. Leikskólinn tekur vel á móti hverju einasta barni á þann hátt að öllum börnum getur fundist það einstakt og fellur ekki í skugga annarra barna.

Þetta síðasta ár hefur verið frábær staður fyrir börnin til að koma og gleyma því ástandi sem er í landinu og heiminum. Allan tímann sem Covid hefur verið hluti af okkar lífi hefur leikskólinn haldið sínu starfi eins eðlilegu og hægt er. Leikskólanum var aldrei lokað eða dvalartími barna styttr. Þarna mættu þau og fengu að vera í sínu frelsi án þess að finna fyrir þeim hömlum og þeim kvíða sem var í samféluginu. Það má segja að börnin í Vinaminni hafi lítið sem ekkert fundið fyrir því að það geisaði heimsfaraldur, þau urðu sjalfstæðari, því foreldrar máttu ekki koma inn í skólann, og starfsfólk lagði mikið á sig til að láta þetta allt ganga upp og láta öllum líða vel.

Tinna Ósk Þorvaldsdóttir

Ég er búin að lesa yfir starfsáætlunina og mér finnst hún mjög vel skrifuð og skýr.

Kemur vel til skila erfiðleikum sem þið genguð í gegnum með ákveðna starfsmenn og hvernig það var leyst á fagmannlega hátt með líðan barnanna að leiðarljósi. Eins og allt starfið er í Vinaminni þú ert með hjartað á réttum stað og leikskólinn er þér hugur og hjarta. Mikilvægast er að starfsmenn séu virkir og ánægðir í starfi sem mér finnst með þessum breytingum sem voru gerðar hafa skilað sér vel. Börnin er ánægð og líður vel.

Vinnustytting hefur verð flókið ferli fyrir alla vinnustaði og mikil vinna kringum þessa innleiðingu og ekki auðvelt að finna einu réttu leiðina sem allir eru sáttir með. En ég tel og finn að ykkur hefur tekist vel til og finn að fólkvið er sátt með loka niðurstöðu.

Nám, kennsla og leikur barna, val, hópastarf, vísdómsstundir, útikennsla er kafli sem er skýr og vel skrifaður.

En ég get sagt það sem foreldri að stjórnendur og starfsmenn stóðu sig svo vel gegnum allt covid-19 árið það er greinilegt að allt er hægt að leysa ef metnaður og vilji og hjartað er á réttum stað.

Mér finnst áætlunin vel skrifuð og skýr.

Besta kveðja Inga Rós

Mér fannst síðasta skólaár hafa gengið mjög vel á tímum þessa faraldurs.

Auðvitað voru samskiptin öðruvísi, en ég get sagt fyrir minn part að ég fékk góðar upplýsingar og náði alltaf að tala við deildarstjóra hjá mínu barni.

Auðvitað náði ég ekki að fylgjast með öllum þeim verkefnum sem hún gerði á þessu skólaári, en hún kom heim með allskyns árstíðarbundin verk og svo komu verk í vor.

Þemadagar og jólaball var haldið, svo þrátt fyrir að við foreldrar tækjum ekki mikinn þátt í öllu starfinu í veturn veit ég að gott starf var unnið.

Hvað varðar næsta skólaár þá líst mér mjög vel á skipulagið og hlakka til að fá að koma og fylgjast betur með.

Með kveðju

Stefanía Eiríka Kristjánsdóttir

10.2 Fylgiskjal - Frá deildarstjórum

Álfasteinn skólaárið 2020-2021

Aðlögun

Haustið eikenndist af aðlögun á Álfasteini eins og öll önnur skólaár. Nú voru takmörk, aðeins annað foreldri fékk að fylgja barninu í aðlögunina og þurfti að hafa andlitsgrímu og að sjálfsögðu fara eftir öllum sóttvarnarreglum skólans, þvo og spritta hendur, halda fjarlægð og svo framvegis. Aðlögunin gekk mjög vel og börnin fóru að una hag sínum í leikskólanum.

Óróleiki á deildinni

Í desember eða þegar líða fór að jólum kom óróleiki í barnahópin, þau grétu mikið og lítið sem ekkert var gert með þeim á deildinni. Þau fóru varla út að leika og viðfangsefnin voru bara út um allt á deildinni án íhlutunar hins fullorðna. Ástæðan var sú að starfsmenn deildarinnar voru svo uppteknir við að velta sér upp úr vinnustyttingu og sínum málum að börnin hreinlega gleymdust. Að sjálfsögðu var rætt við starfsmenn um það hvort börnin gætu ekki farið út að leika og hvort starfsmenn væru ekki tilbúnir til að veita þeim meiri athygli í leik og starfi. Það gerðist ekkert. Þetta var hræðilegur tími. Deildarstjórinn sem var ófaglærður réði ekki við aðstæður enda tók hann þátt i spillingu deildarinnar sjálfur.

Nýr deildarstjóri

Þann fyrsta janúar 2021 var ráðinn nýr deildarstjóri með kennaramenntun á deildina. Nýi deildarastjórinn var mjög áhugasamur um starfið með börnunum og með fullt af skemmtilegum hugmyndum fyrir þau eins og að skipta þeim í fjóra hópa og hver starfsmaður sæi um einn hóp. Einn hópur færi út að leika (4 börn í hóp) meðan annar færi að vinna í smiðjunni og vinna í myndlist, sá þriðji væri í finnhreyfingaviðfangsefnum í fremri stofu og annar í innri stofu á gólfinu. Síðan mundu hóparnir færast á milli stöðva. Því miður gekk þetta ekki eftir. Prátt fyrir að starfsmenn deildarinnar væru beðnir um að taka vel á móti nýja deildarstjóranum og hjálpa honum að aðlagast í nýju starfi átti hann fótum sínum fjör að launa vegna miður góðra samskipta við starfsmenn deildarinnar og hætti hann störfum eftir einn mánuð í starfi.

Skipulagsbreyting á deildinni

Börn deildarinnar urðu þeirri lukku aðnjótandi að starfsmennirnir sögðu upp og hættu strax störfum. Gerð var skipulagsbreyting á deildinni. Fjögur elstu börnin á deildinni voru aðlöguð yfir á Dvergastein þannig að nú voru 12 börn á Álfasteini. Einn starfsmaður sem hafði byrjað um áramót var til staðar á deildinni. Tveir nýir starfsmenn voru ráðnir til starfa einn uppeldis- og menntunarfræðingur og einn ófaglærður. Leikskólakennari sem starfaði í málörvun í leikskólanum tók að sér deildarstjórastöðuna á Álfasteini. Nú fóru hjólin að snúast, börnin fengu kærleika, notalega umönnun, gleði og frábært leikskólastarf var nú við völd á deildinni svo börnin urðu strax róleg og yfirveguð og fóru að sýna miklar framfarir í andlegum og þroska. Börnin byrjuðu að tala og brosa og hlæja í stað þess að gráta og allt fór á betri veg. Tekið var til á deildinni, allt dót og leikeyni var sorterað og sótthreinsað, sett í merkta kassa svo börnin gætu séð hvað í þeim var. Myndaspjöldum (blaðsíðum) úr gömlum ónýtum bókum var hent, ásamt mörgu ónýtu, brotnu plastdóti sem safnast hafði inn á deildinni. Deildin var sótthreinsuð hátt og lágt ásamt öllum leikföngum og leikeyni. Deildin var sem ný, ilmaði af hreinlæti auk þess sem leikeyni og leikföng voru aðgengileg og fallega skipulögð fyrir börnin. Starfsfólkið er mikilvægasti efniviðurinn í starfinu með börnunum. Nú horfum við á Álfasteini björtum augum fram á vegginn, við lítum á þetta ferli sem reynslu sem við lærðum af og eitt er víst ef eitthvað þessu líkt kemur upp í Vinaminni aftur þá verða þeir starfsmenn sem eiga í hlut að hverfa á braut úr starfi strax og finna sér starf sem hentar þeim betur. Börnin eiga rétt á annarri framkomu og öðru atlæti frá starfsmönnum Vinaminnis. Leikskólinn er fyrsta skólastigið og þar er grunnur lagður fyrir börnin að efla sig í alhliða þroska sem þau geta síðan byggt á í framtíðinni.

Söngstundir

Nú fengu börnin söngstundir, þau fengu að velja lög til að syngja en leikskólakennarinn útbjó myndir sem einkenna skemmtilega lifandi hreyfisöngva og börnin fengu eitt og eitt í einu að velja hvað var sungið. Þetta fannst börnunum ótrúlega skemmtilegt og í hvert skipti sem sagt var við börnin, jæja nú skulum við fara að syngja, þá hlupu börnin að þeim stað í stofunni sem þau sátu á í söngstundum og settust tilbúin að velja sönglag og syngja.

Samverustundir

Samverustundir voru líka teknar upp með börnunum þar sem lesin er létt saga, þar má t.d. nefna að Depill er í uppáhaldi hjá börnunum. Þau eru ótrúlega dugleg að hlusta á léttar sögur og frásagnir um myndir í myndabókum.

Mál og málörvun

Fyrir utan söng og sagnalestur er mikil áhersla lögð á það Álfasteini að baða börnin í íslensku máli. Hafa orð á hlutum og athöfnum daglegs lífs en það er stór þáttur í því að efla máltöku barnanna. Börnin eru algjörir svampar á málid og miklar eftirhermur hvað það varðar. Dæmi: börnin eru að farar að borða: jæja nú ætlum við að fara að borða, hér er stóllinn þinn, og smekkurinn, eignum við að fá okkur fisk á diskinn, kartöflu, smjör, gúrku, tómat, papriku, gjörðu svo vel hér er gaffallinn þinn o.s.frv. Svona eru börnin böðuð í íslensku máli allan daginn í leik og í starfi. Þegar börnin heyra aftur og aftur sömu orðin þá fara þau að æfa sig og segja þetta sjálf

Útivera

Nú fóru börnin að fá reglulega útiveru. Sum barnanna voru fyrst dálítið óörugg að fara út en það var fljótt að renna af þeim með aðstoð hins fullorðna sem leiddi litlar hendur sér við hlið og ánægjan yfir að geta verið úti að leika varð yfirsterkari og allir urðu glaðir og kátir og nutu útiverunnar.

Annað starf

Börnin fóru nú að leika smá stund í einu við borð, þau teiknuðu mikið, fengu að leira, púsla, pinna með stórum pinnum o.s.frv., o.s.frv. Þetta fannst börnunum mjög skemmtilegt og framfarir þeirra í þessum viðfangsefnum urðu miklar. Alls konar kubbar, dúkkur, boltar, matarílat og margt, margt fleira var til taks í gólfleikjum og þá voru starfsmenn með þeim í leiknum. Börnin á Álfasteini eru svo sannarlega á hraðri siglingu inn á næsta þroskastig, þau eru glöð og ánægð og fá næg þroskandi viðfangsefni til að kljást við í leikskólanum sínum.

Næsta skólaár

Næsta skólaár verður með sama sniði og það hefur verið á vordögum, leikskólakennarinn verður með sitt góða starfsmannateymi með sér í aðlögun í upphafi á nýju skólaári og séð verður til þess að börnin fái gott og uppbryggilegt leikskólastarf með áherslu á málörvun, líkamlega, andlega og félagslega vellíðan að leiðarljósi.

Deldarstjóri Álfasteins

Dvergasteinn skólaárið 2020-2021

Skólaárið á Dvergasteini byrjaði vel. Fimm börn héldu áfram á Dvergasteini, 12 börn komu frá Álfasteini og eitt barn byrjaði nýtt á deildinni. Aðlögun gekk vel og tók skamman tíma. Framan af vetri var barnahópurinn eldri en oft áður og miðaðist starfið við það. Börnunum var skipt í þrjá hópa eftir aldri og eru það Tröllahópur, Dvergahópur og Álfahópur.

Dagskipulag

Dagskipulagið á Dvergasteini var þannig að fyrstu börnin mættu á Völustein milli 7.30 og 8.00 en þá fóru þau inn á sína deild og borðuðu morgunmat. Í morgunmat var oftast hafragrautur eða kornfleks og súrmjólk. Meðlæti var kanill, eplamús, rúsínur og stundum kalt slátur.

Eftir morgunmat var sest í samverustund þar sem farið var yfir daginn og sett upp myndrænt skipulag fyrir börnin eftir stundaskrá dagsins. Byrjuðum á útiveru, vali eða einhverju öðru sem var á dagskrá. Milli 10.30 og 10.45 var svo ávaxtastund þar sem börnin settust í sætin sín og fengu ávaxtabita og vatn úr vatnsbrúsunum sínum. Svo var sögustund, en þá var barnahópnum skipt í two hópa, yngri og eldri.

Eftir sögustund fengu börnin að leika meðan skipt var á bleium og svo kom hádegismatur. Matartímar eru mjög mikilvægir og góð stund til málörvunar. Þá er hægt að spjalla um daginn og veginn, hvað er í matinn, hvað við erum að setja á diskana og margt fleira. Eftir mat var svo hvíld.

Börnin sváfu mislengi og þau sem vöknuðu fyrst fóru oft út að leika. Annars var leikið inni í frjálsum leik, farið í borðvinnu eða smiðju. Svo voru aftur bleiuskipti og síðdegishressing. Ef hægt var að skila börnunum til foreldra úti

fóru börnin fljótlega út eftir síðdegishressingu, annars léku þau sér inni í rólegum leikjum þar til foreldrar komu og sóttu þau.

Val

Valið á deildinni var útfært þannig að settar voru upp myndir af leiksvæðum og hvaða dót var í boði á hverju leiksvæði fyrir sig. Svo fengu börnin nöfnin sín á litlu spjaldi og festu með frönskum rennilás á það leiksvæði sem þau vildu fara á. Þarna sáu börnin nafnið sitt á prenti Reglan var að vera á sínu leiksvæði í 10 mínútur allt þar til klukka hringdi sem sett var í gang, þá og smátt og smátt lærðu þau hvernig það leit út. má skipta. Oft fannst börnunum það erfitt því þau voru ekki búin að átta sig á að það þarf að vera á því svæði sem maður valdi sér. En svo fóru þau að átta sig á reglunum og þá var hægt að lengja tímann sem valið stóð yfir.

Útikennsla

Einn kennari sá um útikennsluna á Dvergasteini. Hver hópur átti sinn útikennsludag en misjafnt var hvort kennarinn fór með allan hópinn í einu eða helming og helming. Í útikennslu fengu börnin gul vesti og lykkjur til að halda í því það getur verið erfitt fyrir litlar hendur að leiðast í þykkum vettlingum. Svo fór hópurinn í stutta gönguferð um hverfið. Þau lærðu að vera saman sem hópur, hlusta á og fara eftir fyrirmælum kennara, hlusta á hljóðin í umhverfinu, skoða fuglana og gróðurinn, tína lauf, köngla og fleira. Stundum tíndu þau líka upp rusl og lærðu þar með hversu mikilvægt er að bera virðingu fyrir náttúrunni og ekki skilja neitt eftir okkur þar.

Stöðvavinnu

Í stöðvavinnu var deildinni skipt í fjögur leiksvæði, tvö á gólfí og tvö á borði. Á gólfinu var stærra dót eða hreyfidót en á borðinu finhreyfingarverkefni s.s. pinnar, púsl, leir, litir o.fl. Svo var barnahópnum skipt í fjóra hópa sem fóru á milli stöðva með sínum kennara. Hver hópur var á hverri stöð í ca. 10 mínútur fyrst en svo var hægt að lengja tímann eftir sem leið á veturinn. Á Dvergasteini vorum við mikið úti framan af vetri og geymdum okkur stöðvavinnuna þar til fór að kólna.

Flæði

Flæði getur verið alls konar. Stundum var bara flæði á Dvergasteini, stundum var flæði milli Dvergasteins og Völusteins, jafnvel Álfasteins og stundum var flæði um allan leikskólann. Í flæði var ákveðið dót sett á ákveðin leiksvæði á hverri deild og deildarstjórar ákváðu hvar hver kennari ætti að vera. Svo máttu börnin fara um skilgreint svæði að vild. Þá leituðu börnin inn á aðrar deildar, eftir systkinum sínum, vinum, uppáhalds dóti eða bara voru á sinni deild. Alltaf var mikið fjör í flæðinu og börnin blönduðust skemmtilega á milli deilda.

Smiðja

Á Dvergasteini var smiðjan annað hvort í vali eða eftir hádegi. Þá gátu nokkur börn farið í einu í smiðjuna og málað eða föndrað. Stundum, ef verkefnin voru mjög einföld, var hægt að leysa þau inni á deild. Þá lausn nýttu kennararnir sér aðallega á haustin þegar börnin voru nýkomin á deildina og ennþá feimin og svo lítil að þau voru ekki alveg farin að átta sig á reglunum.

Hópastarf

Veturinn 2020-2021 var barnahópurinn framan af í eldri kantinum og því var ákveðið að prófa að vera með hópastarf. Fimm elstu börnin fóru í hópastarf og ákváðu þau í sameiningu að skíra hópinn sinn Hundahópur. Þau lærðu svo um augu, nef, munn og eyru. Hópastarfið gekk vel en því var sjálfhætt þegar þessi elstu börn fóru yfir á Völustein.

Útivera

Útivera er allra meina bót og það er ekkert skemmtilegra en að leika úti áhyggjulaus. Við á Dvergasteini höfum haft þá reglu að vera eins mikið úti og við getum á vorin, sumrin og haustin því þegar veturinn er sem kaldastur getum við ekki alltaf farið út. Við reyndum þó í vetur að fara út þegar færst og klæddum okkur bara vel. Mikilvægt er því að öll börnin séu með hlý og góð útifót af öllum gerðum því eins og við vitum er allra veðra von á Íslandi.

Covid

Sem betur fer hafði Covid ekki mjög mikil áhrif á okkur innan leikskólans. Við kennararnir fórum eftir öllum sóttvarnarreglum, sprittuðum hendur og sótthreinsuðum dót og börnin lærðu að þvo sér vel um hendurnar. Áhrifin hafa sennilega verið mest fyrir foreldrana sem aldrei máttu koma inn á deild barnsins síns og gátu ekki kynnst

kennurum eða leikfélögum barnsins. Við reyndum að gera gott úr þessum aðstæðum og vorum duglegar að spjalla við foreldrana þegar færí gafst og hringja ef eitthvað var. Vonandi verður næsti vetur betri.

Breytingar

Eftir áramótin urðu breytingar á Dvergasteini. Fjögur elstu börnir fóru yfir á Völustein og eitt barn flutti á annan leikskóla. Það komu því fimm ný börn á Dvergastein og yngdist barnahópurinn örítið við það. 1. mars fóru svo næstu fjögur börn yfir á Völustein og komu fjögur börn frá Álfasteini í staðinn. Við héldum samt okkar striki eins og hægt var og breyttum því sem breyta þurfti. Hópastarfið féll niður en í staðinn kennu eldri börnin yngri börnunum hvernig valið fór fram, hvernig stöðvavinnan fór fram og hvernig á að leika sér saman við vini sína, með hjálp okkar kennaranna.

Það urðu líka breytingar í starfsmannahópnum því einn starfsmaður fór í veikindaleyfi og annar starfsmaður í skólanum kom til okkar í staðinn. 1. maí kom svo einn starfsmaður aftur úr barneignafríi.

Foreldraviðtöl

Foreldraviðtöl eru mikilvæg fyrir hvert barn og hverja foreldra. Þá fá foreldrarnir að hitta deildarstjóra barna sinna og fá upplýsingar um hvernig barnið stendur sig í leikskólanum og hvernig því líður. Farið er yfir algenga þroskaþætti og rætt um hvað gengur vel og hvort það sé eitthvað sem megi betur fara. Á Dvergasteini höfum við alltaf haft velferð barnanna að leiðarljósi og allt okkar starf hefur snúist um að þeim líði sem best hjá okkur. Þannig verður það að sjálfsögðu áfram. Í veturn leystum við vandann að foreldrarnir mættu ekki koma inn á leikskólann með því að hafa viðtölin á Gamla kaffihúsínu í Eddufelli. Sú lausn hentaði mjög vel og ég vil leyfa mér að segja að allir hafi verið ánaegðir. Kannski verður þetta gert aftur, hver veit?

Nú hef ég unnið með þessum aldurshópi í nokkuð mörg ár og mér sýnist á öllu að hópurinn verði aðeins í yngri kantinum veturninn 2021-2022. Á Dvergasteini verða 18 börn og fjórir kennrar og munum við sníða starfið sem mest að börnunum og hvað hentar þeim best. Það fer mikill þroski fram á þessum fyrstu árum ævinnar og börnin verða getumeiri með hverjum mánuðinum. Við höfum haft það þannig á Dvergasteini að við endurskoðum starfið mjög reglulega og breytum til eftir því sem hentar börnunum. Verður því haldið áfram á Dvergasteini í veturn.

Deildarstjóri á Dvergasteini.

Völusteinn skólaárið 2020-2021

Starfið á Völusteini fór vel af stað haustið 2020 þrátt fyrir að þurfa að gera breytingar vegna Covid. Má þar helst nefna að líttill sem enginn samgangur var milli deilda, börnin gátu ekki notað smiðjuna á tímabili, skipuleggja þurfti útiveru barnanna með covid skilyrðum o.s.frv.

Myndrænt skipulag

Tekið var upp myndrænt dagskipulag fyrir börnir svo þau gætu fylgst betur með og rifjað upp hvað er næst á dagskrá eftir þörfum.

Hópastarf, útikennsla

Börnunum var skipt í þrjá hópa í hópastarf og útikennslu. Voru tveir barnahópar í hópastarfi og útikennslu á þriðjudögum og fimmtudögum þannig að þegar annar hópurinn var í hópastarfi var hinn hópurinn í útikennslu og svo öfugt hinn daginn. Þriðji hópurinn var í hópastarfi og útikennslu á Töfrasteini með börnum á sama aldri á sömu dögum.

Lubbastund

Lubbastund og stöðvavinna voru á miðvikudögum auk hreyfiprauta. Lubbastundirnar eru byggðar á námsefninu „Lubbi finnur málbein“ sem var búið til og hannað til þess að örva málþroska og mál tveggja til sjö ára gamalla barna. Lubbi er íslenskur fjárhundur sem langar mikil til þess að læra íslensku málhljóðin og leitar því að málbeinum vítt og breitt um Ísland. Börnin eru því í rauninni að hjálpa Lubba að finna stafina sína. Námsefnið er sett upp þannig að með hverjum staf er saga og lag sem tengjast staf vikunnar. Til dæmis eru andarungar á Akureyri og kettir á Kjalarnesi.

Í upphafi hverrar stundar er Lubba heilsað með því að börnin knúsa hann, síðan er lesið og sungið um staf vikunnar. Börnin geta svo kíkt ofan í hljóðakassana sem eru til taks í Lubbastundum, börnin segja hvaða hlutur það er sem þau draga úr kassanum. Stundum finna þau orð sem byrjar á viðkomandi staf. Kennarinn skráir á töflu orð barnanna. Síðan teikna börnin eitthvað sem þau vilja og tengist efni dagsins. Kennarinn hengir staf vikunnar upp í stofunni svo börnin geti skoðað hann þegar þau vilja.

Samverustundir

Í samverustundum eru lesnar sögur fyrir börnin, ýmist ákváðu börnin hvaða saga yrði lesin eða kennarinn ákvað það. Börn sem eru slök í málproska fengu sér samverustund með léttari sögum og jafnvel bara myndir og þá var spjallað saman út frá myndunum.

Söngstundir

Í söngstundum skiptast börnin á að velja söngva til að syngja. Börnunum eru sýndar myndir úr sönglögunum og þau velja lag út frá þeim.

Val

Á mánudögum og föstudögum var val en þá gátu börnin ákveðið til skiptis hvað væri í boði að leika með á valtímanum. Skráningar voru gerðar um það hvaða börn völdu viðfangsefnin svo allir gætu tekið þátt í því.

Foreldraviðtöl

Í mars 2021 var foreldrum boðið að koma í foreldraviðtal til deildarstjórans og eins og á öðrum deildum skólans fóru viðtölin fram á Gamla kaffihúsini í Drafarfelli. Það gekk vel og gott að foreldrar gátu loksins hitt deildarstjórnann eftir miklar samkomutakmarkanir vegna Covid.

Deildarstjóri

Deildarstjórin á Völusteiini hætti störfum í lok apríl síðastliðinn og tók starfsmaður með tvö ár í sálfræðimenntun við þeiri stöðu. Lítillsháttar breytingar urðu gerðar á skipulögðu starfi barnanna þannig að nú fengu allir barnahópar jafn langan tíma í hópastarfi sem var ekki áður.

Vor 2021

Starfið hefur gengið vel vorið 2021. Það hafa nokkrar breytingar átt sér stað frá síðasta ári og höfum við þurft að aðlagast breytingum sem hafa orðið sökum Covid 19. Nýr barnahópur kom yfir á deildina frá Dvergasteini en nokkur fóru frá okkur yfir á næstu deild, Töfrastein, og höfum við þurft að breyta skipulagi og aðlaga börnin að breyttu starfi deildarinnar. Öll börnin fengu nú jafn langan tíma í hópastarfi og útkennslan varð öflugri.

Sumarstarfið

Sumarstarfið var fjölbreytt og skemmtilegt. Börnin fengu að fara í hjólaferðir, safnaferðir og vettvangsferðir. Þau börn sem hefja skólastarf sitt á Töfrasteini á næsta skólaári voru aðlöguð þangað í byrjun júní en það gekk mjög vel. Eftir eina viku í aðlöguninni voru börnin alveg búin að færa sig yfir á Töfrastein. Á Völusteiini voru þá aðeins átta börn eftir. Börnin sem koma frá Dvergasteini yfir á Völustein næsta skólaár komu í nokkrar heimsóknir á Völustein, það tókst allt vel til og eru börnin tilbúin að fara í aðlögun milli þessara deilda eftir sumarfríð í byrjun ágúst.

Ferilmöppur

Ferilmöppur elstu barnanna voru kláraðar og sendar yfir á Töfrastein. Minniháttar breytingar á húsgögnum og skipulagi dótakassa var gerð. Ástæðan var sú að gera dótið aðgengilegra fyrir börnin ásamt því að stækka leikrýmið svo að nægilegt pláss yrði fyrir þau til að njóta sín í leik. Deildastjórar Völusteins og Töfrasteins hafa unnið saman að því í sumar að skipuleggja starf deildanna fyrir næsta skólaár og hafa ákveðið starf sameiginlegt milli deildanna, eins og ví sindastarf, flæði, og jafnvel vera með alstund sameiginlega þá daga sem samvinnan fer fram.

Deildarstjóri Völusteins.

Töfrasteinn veturinn 2020–2021

Vegna stöðunnar í heiminum og von um betri tíma tókst starfsfólkið á Töfrasteini á við veturinn af miklum áhuga og gleði. Við gerðum dagskipulag með fjölbreyttu og áhugaverðu starfi fyrir börnin sem við vonuðum að gengi upp.

Breyttir tímar

Þar sem sóttvarnarreglur voru enn strangar reyndum við að skipta barnahópunum þannig að annar aldurshópurinn átti heimastofu í Borðstofunni og hinn í Skólastofu svo sem minnstur samgangur væri milli barnahópanna. Yngri börnin (börn fædd 2016) voru í Borðstofunni í morgunmat, alstund, sögustund, vali, hópastarfi, hádegismat og síðdegishressingu. Og eldri, börnin (börn fædd 2015) þ.e. börnin sem stunduðu nám í Vísdómsstundum voru í Skólastofu og Smiðju. Starfsfólkið gat svo valið á hverjum degi í hvorum hluta deildarinnar þeir vildu starfa. Stuðningsaðilar þurftu samt að fylgja sínum stuðningsbörnum eftir í starfinu. Þetta gekk allt mjög vel.

Þegar líða fór að desember fannst okkur tími til kominn að hafa meiri samgang milli barnahópanna á deildinni og voru þá öll börnin í morgunmat í Borðstofunni. Alstund og valstund voru sameiginlegar auk þess sem barnahóparnir nýttu nú saman öll leiksvæði deildarinnar. Áfram voru hóparnir svo í sínum heimastofum í hádegismat og í síðdegishressingu.

Alstund

Alstund er mjög mikilvæg stund í upphaf dags. Þá eru öll börnin á deildinni og starfsfólk deildarinnar saman í skólastofunni. Á meðan börn og starfsfólk eru að tínast inn í stofuna og fá sér sæti er vel valið íslenskt dægurlag spilað. Þegar lagið er búið er sagt frá því hver var að syngja og hvað lagið heitir. Börn og starfsmenn syngja síðan saman morgunsönginn og sett er upp myndrænt dagskipulag og sagt frá því hvað er fram undan á deginum. Ef einhver á afmæli er spjallað um afmælisbarn dagsins eins og Sólveig Einarsdóttir, Frú Vigdís Finnbogadóttir, Björgvin Halldórsson, Margrét Þórhildur Danadrottning o.fl. Oft er dægurlagið sem er spilað í upphafi stundarinnar tengt afmælisbarninu þ.e.a.s. nafnið, söngvarinn, textasmiðurinn, þjóðsöngur o.b.h.

Í lok alstundarinnar er hverjum barnahópi boðið í það starf sem er á stundaskránni þann daginn.

Hreyfistundir/Lubbastundir

Á skipulaginu vorum við með ýmislegt nýtt s.s. skipulagðar hreyfistundir og Lubbastundir fyrir yngri börnin á Töfrasteini og elstu börnin á Völusteiði en þar voru 5 börn í sama árgangi og yngri börnin á Töfrasteini. Einnig voru skipulagðir íþróttatímar fyrir elstu börnin á Töfrasteini.

Yngri börnin voru í tveimur hópum Kappahóp og PíluEveresthóp en börnin völdu nöfnin á hópana í hópastarfinu. Kappahópur og PíluEveresthópur fóru í hreyfistund og Lubbastund á mánuðögum í 45 mínútur í senn. Skiptust hóparnir svo á þannig að sá hópur sem var í hreyfistund fór í Lubbastund og öfugt. Þessar stundir gengu mjög vel til að byrja með en þegar leið á fór starfsfólkini sem sá um þessar stundir að finnast þetta erfitt. Lubbastundirnar breyttust þá stundum í spilastundir ef sá starfsmaður sem sá um Lubbastundir var ekki við og hreyfistundirnar flosnuðu upp ef deildarstjórninn var ekki til taks að hjálpa starfsmönnunum.

Íþróttastundir elstu barnanna fóru líka vel af stað en það sama gerðist. Ef deildastjóri var ekki til staðar til að aðstoða starfsfólkið var oft ringulreið og órói í barnahópnum. Reynt var að setja ákveðinn starfsmann sem ábyrgðarmann yfir íþróttunum en það gekk því miður ekki upp.

Eftir áramótin voru hreyfistundir og íþróttatímar teknir út úr starfinu á mánuðögum. Sett var upp val í staðin fyrir hreyfistundir og íþróttatíma en hreyfiprautir voru í boði á einu valsvæðinu á valtímanum. Börnin fóru í val fyrir hádegi og útiveru eftir hádegi.

Vísdómsstundir

Vísdómsstundir voru á þriðjudögum og fimmtudögum frá kl. 9:00-11:40. Í Vísdómsstundum var verið að undirbúa elstu börnin markvisst fyrir áframhaldandi skólagöngu þ.e. grunnskólann. Unnið var með vináttuna, tilfinningar, hjálpsemina, samvinnuna og virðinguna auk þess sem börnin unnu í leiklist. Þau sömdu sína eigin sögu, gerðu

leikmynd, saumuðu leikbúninga og settu söguna á svið. Í Vísdómsstundum ákveða börnin sjálf viðfangsefni líðandi stundar.

Hópastarf

Hópastarf og útikennsla voru einnig á þriðjudögum og fimmtudögum. Meðan Kappahópur fór í útikennslu á þriðjudögum var PíluEveresthópur í hópastarfi og svo öfugt á fimmtudögum. Í hópastarfinu var lagt upp með dýraþema. Annar barnahópurinn valdi að vinna með „fugla á Íslandi“ og hinn barnahópurinn valdi að vinna með „íslensk landdýr“. Börnin fengu fræðslu um efnið í leikskólanum og fóru svo í námsferðir í Húsdýragarðinn og á Náttúrufræðistofu Kópavogs. Börnin unnu mismunandi verkefni í tengslum við efnið til að nálgast efnið enn betur.

Eftir áramótin fóru börnin að vinna að lokaverkefni þemans. Börnin gerðu skúlp túr að eigin vali af dýrinu sínu. Mikil hugmyndavinna fór af stað hjá börnunum við að ákveða hvernig bau gætu útfært verkefnið en þau fengu ljósmynd af dýrinu sínu til að vinna eftir. Það þurfti að fara í efnisleit og afla gagna fyrir verkefnin. Þetta var krefjandi, skemmtileg vinna hjá börnunum, þau voru orðin mjög fróð um dýrið sitt og unun að sjá útkomur þeirra hvert á sinn hátt. Börnin fóru síðan mjög stolt heim með verkin sín, en þau fengu einnig bók um hópastarf vetrarins sem geymir frásögn af ferlinu og myndir af framkvæmdinni.

Útikennsla

Útikennslan byrjaði nokkuð vel að hausti en starfsmenn sem sáu um útikennsluna voru töluvert ó öruggir um hvað átti að gera í útikennslunni. Starfsmenn lásu sig til um útikennslu og komu með skemmtilegar hugmyndir. Börnin nutu sín vel og þeim fannst gaman í útikennslu.

Eftir áramótin kom til starfa á deildina kennari með heimspekimennntun. Þessi kennari tók við umjóninni með útikennslunni og mikil breyting varð á útikennslustarfinu. Fyrir fram ákveðin verkefni voru úr sögunni og áhugi barnanna var láttinn ráða ferðinni. Leynistaður (heimasvæði) var fundinn í Elliðaárdalnum þar sem börnin rannsökuðu umhverfið auk þess sem þau gátu vaðið í litlum polli. Ýtt var undir hugmyndir barnanna og þau fengu meira frelsi til að uppgötva, upplifa, sjá og finna náttúruna á sínum forsendum, spá og spekúlera saman og skálda það sem þeim hentaði. Þau tóku stundum með sér nesti fyrir hádegið sem þau grilluðu í dalnum en það bætti heldur betur á ánægju barnanna sem vildu helst ekki fara heim úr dalnum. Úrvinnsla útikennslunnar fór svo fram í Smiðjunni við verkefnavinnu og sköpun eða inni á deild með opinn efnivið.

Sögustundir

Sögustundir þar sem lesin er saga fyrir börnin hefur verið erfið í framkvæmd, óróleiki í barnahópnum og erfitt fyrir starfsmenn að fanga athygli barnanna. Ákveðið var að prófa að hafa sögustundirnar kl: 15:00 þegar börnin koma inn eftir útiveru. Það gekk mun betur, nú voru börnin tilbúin að hlusta og búin að fá útrás fyrir hreyfipörf sína. Börnunum var skipt í two hópa þannig að börn með stuðning og slakan málþroska fengu léttari sögu en önnur börn fengu sögu saman. Stuðningsaðili tók málþrvunarstund með stuðningsbörnunum og deildarstjóri sá að mestu um sögustundina og hafði þá undirbúið hana vel. Stólum var raðað við vegg stofunnar, púðar og dýnur sett fyrir framan stólana, ljósin minnuð í stofunni, kveikt á viftu sem hengt hafði verið allskonar skraut sem hreyfðist í vindinum frá viftunni eða stirndi á. Með því að gera umhverfið notalegt og kannski svoltíð dularfullt voru börnin spennt fyrir sögustundunum á ný og hlustuðu með eftirtekt.

Næsta skólaár verður samverustundum hagað öðruvísi þá verða fleiri börn með slakan málþroska á deildinni og börnunum verður skipt í litla hópa. Þannig geta öll börnin fengið sagnalestur við sitt hæfi, notið sín og efti málþroska sinn.

Nýtt starfsfólk

Um áramótin 2020-2021 urðu töluverðar mannabreytingar í skólanum. Ófrískar konur og karlar fóru að tinast í fæðingarorlof og nýtt fólk var ráðið í skólann. Á Töfrastein komu þrír nýir flottir starfsmenn til starfa og voru þeir mjög fljótir að aðlagast skipulagi deildarinnar og féllu vel inn í hópinn. Mórrallinn sem fyrir áramót hafði verið frekar þungur léttist til muna. Mikið álag hafði verið fyrir áramót vegna vinnu við vinnustyttingu starfsmanna, pappírvinnu deildarstjóra og óléttatal starfsmanna en 4 starfsmenn áttu von á barni í skólanum og 3 voru þegar farnir í fæðingarorlof.

Það var dásamlegt að fá nýja starfsfólkið inn (einn þroskaþjálfa og einn kennaramenntaðan starfsmann og einn yndislegan ófaglærðan starfsmann) en það tókst á við starfið af einskærum áhuga og dugnaði. Þau voru dugleg að koma með ábendingar um úrbætur og breytingar í starfinu auk þess að hafa orð á því sem þeim fannst flott og frábært.

Smiðjan

Það er álit okkar að Smiðjan þar sem myndlistarstarfið fer að mestu fram hafi orðið útundan í starfinu. Næsta skólaár þurfa að koma fleiri hugmyndir frá börnunum um viðfangsefni til að vinna að í Smiðjunni. Smiðjan hefur heldur ekki verið nothæf á tínum Covid þar sem allar deildir hafa þurft að vinna á sínum svæðum inni á deildum og starfsmenn ekki getað farið með börnin í Smiðju. Smiðjan hefur verið meira notuð sem leiksvæði fyrir Töfrastein síðastliðið skólaár þegar sóttvarnaryfirvöld kröfðust þess að leikskólar störfuðu með fámennum hópum barna á litlum lokuðum svæðum.

Flæði

Á tímabili var flæði á föstudögum f.h. milli allra deilda í leikskólanum. Okkur á Töfrasteini fannst of mikið að taka þátt á hverjum föstudagi svo við ákváðum að taka þátt í flæði leikskólans einu sinni í mánuði.

Næsta skólaár

Næsta skólaár þ.e. skólaárið 2021-2022 mun skipulag deildarinnar verða með svipuðum hætti og á vorönninni. Hópastarf, vísdómsstundir og útikennsla verða áfram á þriðjudögum og fimmtudögum og fyrirkomulagið eins og síðastliðið skólaár. Fundinn verður tími fyrir elstu börnin í útikennslu, skoðað verður hvort hreyfistundir þrifast í skipulaginu og málörvun verður á sínum stað fyrir börn með slakan málþroska.

Valið verður einu sinni til tvisvar í viku en valið er hinn frjálsi leikur þar sem börnin velja sér viðfangsefni líðandi stundar.

Börnin á deildinni fara öll út eftir hádegisverðinn á meðan starfsmenn skiptast á að taka neysluhlé. Síðan geta börnin ráðið því hvor þau vilja vera áfram úti eða valið að fara inn að leika sér. Það er hugmynd að prófa að bjóða börnunum sem eru úti að velja hvað þau vilja gera, hvort þau vilja vera áfram úti eða vilja velja sér ákveðin svæði inni. Þetta sprarar biðtíma hjá börnunum og lengir leiktíma þeirra, þau geta þá farið strax á sitt leiksvæði en þurfa ekki að bíða eftir að allir komi inn til að byrja að velja sér leiksvæði.

Deildarstjóri á Töfrasteini

10.3 Fylgiskjal - niðurstöður úr foreldrakönnun

Viðhorfskönnun foreldra barna í leikskólum Reykjavíkurborgar
Leikskólinn Vinaminni



Tilgangur:

Tilgangurinn er að gefa foreldrum tækifað til að koma sinum skoðunum á framfæri, að fá fram viðhorf foreldra til starfsemi leikskólans og veljiðanbarna í leikskólanum og að veita stjórnendum og starfsfólk endurgjöf á stórfín.

Niðurstöður könnunarinnar eru nýttar við að meta árangur starfsins, til að gera áætlunar um umbætur og eru liður í eftirliti með leikskólanum og innra- og ytramatí leikskólaná.

Framkvæmd:

Vísar rannsóknir ehf. sá um útsendingu og gagnaðiunen undirbúningu og vinnsla könnunarinnar var í höndum Skóla- og fristundasvið. Könnunin fór fram í mars og apríl 2021 og var framkvæmt ráfrænt.

Pátttakendur:

Könnunin var send til alls 5452 foreldra og forráðamanna barna í borgarreknum leikskólum, sjálfstætt starfandi leikskólum í Reykjavík og 5 ára deildum Landakots- og Ísaksskóla. Alls svorúðu 4473 aðilar könnunini og heildarsvarhlutfallit bvi 82%.

Niðurstöður:

Fyrir hvern þátt er reiknuð þátt einkunn á bilinu 1 til 5 og er hærri einkunnalltaf jákvæðari niðurstaða. Einkunnin er lituð svo að auðveldara sé að áttasig á niðurstöðum í fjóru bragði. Grænn gefur til kynna einkunnina 4 eðahærra, gulur einkunnina 3 til 4 og rauður lægra en 3.

Svarhlutfall

85,8%

Fjöldi svara

60

Barninu líður vel í leikskólanum

4,78⁻
Fyrri könnun held

Til barnið mitt vera öruggt

4,67⁻
Fyrri könnun held


Vingjarnlegt andrúmsloft

4,71⁻
Fyrri könnun held


Skólanum er vel stjórnað

4,70⁻
Fyrri könnun held


Meðalskor spurningar er varða barnið og starfið




Meðalskor spurningar er varða foreldra og starfið



Meðalskor spurningar er varða stjórnun og stefnu leikskólans



Meðalskor spurningar er varða upplifun af leikskólanum



Meðalskor spurninga í foreldrakönnun 2019


	SpurningFlokkur	Spurning	Values							
			Heildarmeðaltal í Reykjavík	Heildarmeðaltal Leikskóla	Fyrri könnun	Meðaltal stráka	Meðaltal stelpna	Meðaltal 2 ára eða yngri	Meðaltal 3-4 ára	Meðaltal 5 ára eða eldri
Barnið og starfið			4,50	4,66 -		4,71	4,61	4,62	4,59	4,81
Barnið fær tækifæri í leikskólastarfi síns leikskóla að skapa verk/verkefni frá grunni...			4,51	4,61	-	4,60	4,62	4,60	4,52	4,77
Barnið hefur aðgang að skapandi efnivíld til að vinna verkefni í leikskólanum			4,50	4,64 -		4,75	4,55	4,58	4,60	4,79
Barnið mitt á góða félaga/aðlagast vel í barnahópnum			4,46	4,60 -		4,50	4,68	4,56	4,57	4,71
Barnið mitt tekur stöðugum framförum í leikskólanum			4,48	4,71 -		4,73	4,70	4,77	4,57	4,86
Barninu líður vel í leikskólastarfinu			4,62	4,78 -		4,78	4,78	4,74	4,86	4,71
Ég er ánægð(ur) með samskipti og viðmót starfsfólks við barnið			4,57	4,68	-	4,78	4,59	4,62	4,62	4,86
Í leikskólastarfinu er lögð áhersla á að efta sjálfstraustr barnsins			4,41	4,64 -		4,77	4,52	4,55	4,52	4,93
Starfsfólk ið styður barnið mitt vel í leikskólastarfinu			4,53	4,69 -		4,81	4,59	4,65	4,57	4,93
Starfsfólk ið pekkir barnsins míns			4,42	4,55	-	4,67	4,45	4,52	4,48	4,71
Foreldrar og starfið			3,79	4,01 -		4,35	3,72	3,87	3,83	4,52
Ábendingum minum er vel tekið			4,14	4,22	-	4,38	4,07	4,20	4,00	4,62
Ég fær greinargóð svör við spurningum mínum um leikskólastarfið			4,27	4,53	-	4,88	4,24	4,45	4,30	5,00
Ég get fengið ráð um uppleidi, hellsu, samskipti eða annað sem snertir barnið mitt í leikskólanum			3,78	3,95 -		4,33	3,60	3,68	3,86	4,50
Ég hef tekið pátt í meta framfarir barnsins			3,64	3,68	-	4,15	3,27	3,36	3,62	4,31
Leikskólinn heldur mér vel upplýstum um framfarir barnsins			3,79	3,75 -		4,15	3,41	3,57	3,59	4,29
Leikskólinn hvetur foreldra til þátttaknu í leikskólastarfinu			3,67	4,34 -		4,73	4,00	4,24	4,10	4,86
Leikskólinn leitar til foreldra eftir tililiögum og hugmyndum*			3,21	3,60	-	3,80	3,41	3,63	3,30	4,00
Stefna og stjórnun			4,33	4,63 -		4,76	4,52	4,58	4,54	4,84
Ég er ánægð(ur) með stefnu leikskólans			4,37	4,67	-	4,81	4,55	4,70	4,50	4,86
Ég þekki stefnu/áherslur og gildi leikskólans			4,09	4,45 -		4,63	4,30	4,43	4,30	4,71
Leikskólanum er vel stjórnad			4,44	4,70 -		4,81	4,60	4,61	4,67	4,92
Markvisst er unnið með stefnu og markmið leikskólans			4,23	4,70	-	4,80	4,60	4,68	4,65	4,79
Mér finnst aðbúnaður barna í leikskólanum góður			4,32	4,42	-	4,56	4,30	4,17	4,43	4,79
Stjórnendur eru til staðar í daglegu starfi			4,42	4,77 -		4,85	4,71	4,77	4,68	4,92
Vlöfangsefnin í leikskólanum eru áhugaverð			4,44	4,74	-	4,88	4,62	4,74	4,62	4,93
Upplifun af leikskólanum			4,54	4,66 -		4,79	4,54	4,58	4,59	4,89
Ég gef góðar upplýsingar um hvað er á döfinni í leikskólanum			4,36	4,37	-	4,63	4,16	4,35	4,23	4,64
Ég get mælt með leikskólanum við aðra foreldra			4,56	4,82 -		4,85	4,80	4,77	4,77	5,00
Ég tel barnið mitt vera öruggt í leikskólanum			4,63	4,67 -		4,67	4,67	4,57	4,70	4,79
Ég upplifi gott viðmót og samskipti við starfsfólk			4,57	4,70 -		4,85	4,58	4,65	4,61	4,93
Starfsandinn í leikskólanum einkennist af jákvæðni			4,50	4,55 -		4,77	4,37	4,48	4,43	4,86
Það ríkir notalegt og vingjarnilegt andrúmsloft í leikskólanum			4,61	4,71 -		4,89	4,56	4,65	4,59	5,00
Pegar á heildina er itið, er ég ánægð(ur) með leikskólann			4,60	4,76 -		4,85	4,68	4,57	4,82	5,00

Spurningar í foreldrakönnun - Hlutföll


		Values						
		Hlutfall sammála	Hlutfall hvorki né	Hlutfall ósammála	Hlutfall sammála stelpna	Hlutfall sammála stráka	Hlutfall sammála í Reykjavík	Hlutfall sammála - fyrri könnun
Barnið og starfið	Barnið fær tækifæri í leikskólastarfi síns leikskóla að skapa verk/verkefni frá grunni...	96,3%	3,7%	0,0%	96,6%	96,0%	91,6%	-
	Barnið hefur aðgang að skapandi efnumið til að vinna verkefni í leikskólanum	96,2%	3,8%	0,0%	96,6%	95,8%	93,7%	-
	Barnið mitt á góða félaga/aðlagast vel í barnahópnum	94,5%	5,5%	0,0%	100,0%	87,5%	92,4%	-
	Barnið mitt tekur stöðugum framförum í leikskólanum	98,3%	1,7%	0,0%	97,0%	100,0%	93,7%	-
	Barninu minu líður vel i leikskólastarfinu	96,6%	3,4%	0,0%	96,9%	96,3%	96,3%	-
	Ég er ánægð(ur) með samskipti og viðomt starfsfólks við barnið	96,4%	3,6%	0,0%	93,1%	100,0%	93,8%	-
	Í leikskólastarfinu er lögð áhersla á að effa sjálfræstu barnsins	98,2%	1,8%	0,0%	100,0%	96,2%	89,7%	-
	Starfsfólk Ó stýrður barnið mitt vel í leikskólastarfinu	98,2%	1,8%	0,0%	100,0%	96,2%	95,7%	-
	Starfsfólk Ó pekkir þarfir barnsins míns	98,3%	1,7%	0,0%	97,0%	100,0%	94,8%	-
	Foreldrar og starfið	Ábendingum minum er vel tekið	80,0%	10,9%	9,1%	72,4%	88,5%	76,2%
Stefna og stjórnun	Ég fær greinargöð svör við spurningum minum um leikskólastarfið	89,8%	6,8%	3,4%	81,8%	100,0%	85,7%	-
	Ég get fengið ráð um uppledi, heilsu, samskipti eða annað sem snertir barnið mitt í leikskólanum	75,4%	16,5%	14,0%	63,3%	88,9%	67,3%	-
	Ég hef tekið þátt í meta framfarir barnsins	58,9%	25,0%	16,1%	43,3%	76,9%	63,2%	-
	Leikskólinn heldur mér vel upplýstum um framfarir barnsins	62,7%	23,7%	13,6%	50,0%	77,8%	71,7%	-
	Leikskólinn hvetur foreldra til þátttökum í leikskólastarfinu	82,1%	19,7%	7,1%	70,0%	96,2%	67,4%	-
	Leikskólinn leitar til foreldra eftir tillögum og hugmyndum*	59,6%	23,1%	17,3%	51,9%	68,0%	40,1%	-
	Ég er ánægð(ur) með stefnu leikskólans	96,5%	1,8%	1,8%	93,5%	100,0%	87,7%	-
	Ég þekki stefnu/áherslu og gildi leikskólans	91,7%	3,3%	5,0%	98,9%	92,6%	81,7%	-
	Leikskólanum er vel stjórnæð	94,7%	1,8%	3,5%	93,3%	96,3%	90,5%	-
	Markvisst er unnið með stefnu og markmið leikskólans	98,0%	2,0%	0,0%	96,0%	100,0%	84,8%	-
Upplifun af leikskólanum	Mér finnst aðbúnaður barna í leikskólanum góður	91,7%	3,3%	5,0%	98,9%	92,6%	85,7%	-
	Stjórnendur eru til staðar í daglegu starfi	100,0%	0,0%	0,0%	100,0%	100,0%	89,9%	-
	Vilofangserfin í leikskólanum eru áhugaverð	100,0%	0,0%	0,0%	100,0%	100,0%	92,0%	-
	Ég fái góðar upplýsingar um hvað er á döfinni í leikskólanum	84,7%	19,2%	5,1%	75,0%	96,3%	89,4%	-
	Ég get mælt með leikskólanum við aðra foreldra	94,7%	5,3%	0,0%	96,7%	92,6%	91,4%	-

Spurningar er varða viðbótar stuðning

Hefur barnið notið viðbótar stuðnings í leikskólanum (t.d. vegna málþroska, samskiptavanda e...)



Meðalskor spurningar er varða viðbótarstuðning við barnið



10.4 Fylgiskjal - Skóladagatal skólaárið 2021 - 2022

Skóladagatal 2021 - 2022												Nafn skóla:
ÁGUSTI	SEPTIBER	OCTÓBER	NOVEMBER	DÉCEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRIL	MAY	JUNI	JÚL	
1. 1.	1. 1.	1. 1.	1. 1.	1. 1.	1. 1.	1. 1.	1. 1.	1. 1.	1. 1.	1. 1.	1. 1.	Vorhaldardagatal
2. 1.	2. 1.	2. 1.	2. 1.	2. 1.	2. 1.	2. 1.	2. 1.	2. 1.	2. 1.	2. 1.	2. 1.	Vorhaldardagatal
3. 1.	3. 1.	3. 1.	3. 1.	3. 1.	3. 1.	3. 1.	3. 1.	3. 1.	3. 1.	3. 1.	3. 1.	Háskólastofnun
4. 1.	4. 1.	4. 1.	4. 1.	4. 1.	4. 1.	4. 1.	4. 1.	4. 1.	4. 1.	4. 1.	4. 1.	Háskólastofnun
5. 1.	5. 1.	5. 1.	5. 1.	5. 1.	5. 1.	5. 1.	5. 1.	5. 1.	5. 1.	5. 1.	5. 1.	Háskólastofnun
6. 1.	6. 1.	6. 1.	6. 1.	6. 1.	6. 1.	6. 1.	6. 1.	6. 1.	6. 1.	6. 1.	6. 1.	Háskólastofnun
7. 1.	7. 1.	7. 1.	7. 1.	7. 1.	7. 1.	7. 1.	7. 1.	7. 1.	7. 1.	7. 1.	7. 1.	Opnuklu 10.00-12.00
8. 1.	8. 1.	8. 1.	8. 1.	8. 1.	8. 1.	8. 1.	8. 1.	8. 1.	8. 1.	8. 1.	8. 1.	Opnuklu 10.00-12.00
9. 1.	9. 1.	9. 1.	9. 1.	9. 1.	9. 1.	9. 1.	9. 1.	9. 1.	9. 1.	9. 1.	9. 1.	Opnuklu 10.00-12.00
10. 1.	10. 1.	10. 1.	10. 1.	10. 1.	10. 1.	10. 1.	10. 1.	10. 1.	10. 1.	10. 1.	10. 1.	Opnuklu 10.00-12.00
11. 1.	11. 1.	11. 1.	11. 1.	11. 1.	11. 1.	11. 1.	11. 1.	11. 1.	11. 1.	11. 1.	11. 1.	Opnuklu 10.00-12.00
12. 1.	12. 1.	12. 1.	12. 1.	12. 1.	12. 1.	12. 1.	12. 1.	12. 1.	12. 1.	12. 1.	12. 1.	Opnuklu 10.00-12.00
13. 1.	13. 1.	13. 1.	13. 1.	13. 1.	13. 1.	13. 1.	13. 1.	13. 1.	13. 1.	13. 1.	13. 1.	Opnuklu 10.00-12.00
14. 1.	14. 1.	14. 1.	14. 1.	14. 1.	14. 1.	14. 1.	14. 1.	14. 1.	14. 1.	14. 1.	14. 1.	Opnuklu 10.00-12.00
15. 1.	15. 1.	15. 1.	15. 1.	15. 1.	15. 1.	15. 1.	15. 1.	15. 1.	15. 1.	15. 1.	15. 1.	Opnuklu 10.00-12.00
16. 1.	16. 1.	16. 1.	16. 1.	16. 1.	16. 1.	16. 1.	16. 1.	16. 1.	16. 1.	16. 1.	16. 1.	Opnuklu 10.00-12.00
17. 1.	17. 1.	17. 1.	17. 1.	17. 1.	17. 1.	17. 1.	17. 1.	17. 1.	17. 1.	17. 1.	17. 1.	Opnuklu 10.00-12.00
18. 1.	18. 1.	18. 1.	18. 1.	18. 1.	18. 1.	18. 1.	18. 1.	18. 1.	18. 1.	18. 1.	18. 1.	Opnuklu 10.00-12.00
19. 1.	19. 1.	19. 1.	19. 1.	19. 1.	19. 1.	19. 1.	19. 1.	19. 1.	19. 1.	19. 1.	19. 1.	Opnuklu 10.00-12.00
20. 1.	20. 1.	20. 1.	20. 1.	20. 1.	20. 1.	20. 1.	20. 1.	20. 1.	20. 1.	20. 1.	20. 1.	Opnuklu 10.00-12.00
21. 1.	21. 1.	21. 1.	21. 1.	21. 1.	21. 1.	21. 1.	21. 1.	21. 1.	21. 1.	21. 1.	21. 1.	Opnuklu 10.00-12.00
22. 1.	22. 1.	22. 1.	22. 1.	22. 1.	22. 1.	22. 1.	22. 1.	22. 1.	22. 1.	22. 1.	22. 1.	Opnuklu 10.00-12.00
23. 1.	23. 1.	23. 1.	23. 1.	23. 1.	23. 1.	23. 1.	23. 1.	23. 1.	23. 1.	23. 1.	23. 1.	Opnuklu 10.00-12.00
24. 1.	24. 1.	24. 1.	24. 1.	24. 1.	24. 1.	24. 1.	24. 1.	24. 1.	24. 1.	24. 1.	24. 1.	Opnuklu 10.00-12.00
25. 1.	25. 1.	25. 1.	25. 1.	25. 1.	25. 1.	25. 1.	25. 1.	25. 1.	25. 1.	25. 1.	25. 1.	Opnuklu 10.00-12.00
26. 1.	26. 1.	26. 1.	26. 1.	26. 1.	26. 1.	26. 1.	26. 1.	26. 1.	26. 1.	26. 1.	26. 1.	Opnuklu 10.00-12.00
27. 1.	27. 1.	27. 1.	27. 1.	27. 1.	27. 1.	27. 1.	27. 1.	27. 1.	27. 1.	27. 1.	27. 1.	Opnuklu 10.00-12.00
28. 1.	28. 1.	28. 1.	28. 1.	28. 1.	28. 1.	28. 1.	28. 1.	28. 1.	28. 1.	28. 1.	28. 1.	Opnuklu 10.00-12.00
29. 1.	29. 1.	29. 1.	29. 1.	29. 1.	29. 1.	29. 1.	29. 1.	29. 1.	29. 1.	29. 1.	29. 1.	Opnuklu 10.00-12.00
30. 1.	30. 1.	30. 1.	30. 1.	30. 1.	30. 1.	30. 1.	30. 1.	30. 1.	30. 1.	30. 1.	30. 1.	Opnuklu 10.00-12.00
31. 1.	31. 1.	31. 1.	31. 1.	31. 1.	31. 1.	31. 1.	31. 1.	31. 1.	31. 1.	31. 1.	31. 1.	Opnuklu 10.00-12.00

Athugið að dagseiningar geta breyst án fyrirvara